

AÐALFUNDUR SAMTAKA

SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI



**KLIFI, SNÆFELLSBÆ
10.-11. SEPTEMBER 2010**



SSV
Samtök sveitarfélaga
á Vesturlandi

EFNISYFIRLIT

Dagskrá aðalfundar SSV 2010.....	3
Aðalfundur SSV 2010.....	5
Fulltrúar og gestir á aðalfundi.....	5
Fundarsætning.....	7
Skýrslur	8
Skýrsla formanns	8
Skýrsla framkvæmdastjóra	12
Fyrirspurnir og umræður.....	12
Kynning á stofnunum tengdum SSV	13
Símenntunarmiðstöð Vesturland - Inga Dóra Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri.....	13
Markaðsstofa Vesturlands - Heba Björnsdóttir, framkvæmdastjóri	13
Fyrirspurnir og umræður.....	13
Hádegisverðarhlé.....	14
Fyrirkomulag aðildarviðræðna Íslands og ESB	14
Stefán Haukur Jóhannesson, sendiherra.....	14
Fyrirspurnir og umræður.....	14
Kynning á stofnunum tengdum SSV	16
Atvinnuráðgjöf Vesturlands og vaxtarsamningur - Ólafur Sveinsson, forstöðumaður SSV-P&R.....	16
Sorpurðun Vesturlands og menningarsamningur - Hrefna B. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri SSV	16
Earth Check - Erla Friðriksdóttir, stjórnarmaður í SSV	16
Ávörp gesta	17
Ögmundur Jónasson, ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála	17
Fyrirspurnir og umræður.....	18
Málefni fatlaðra	19
Sigurður Helgason, ráðgjafi verkefnisstjórnar	19
Fyrirspurnir og umræður.....	19
Efling sveitarstjórnarstigsins	21
Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga	21
Páll Brynjarsson, formaður SSV – Efling sveitarstjórnarstigsins.....	21
Trausti Fannar Valsson – Endurskoðun sveitarstjórnarlaga.....	21
Björg Ágústsdóttir, verkefnistjóri hjá Alta Endurskoðun reglna um Jöfnunarsjóð.....	21
Pallborðsumræður	22
Afgreiðsla ályktana	24
Samgöngunefnd.....	24

Sveitarstjórna og byggðanefnd	24
Fjárhagsnefnd	24
Kjörnefnd	24
Fylgiskjal 1 - Ályktanir aðalfundar SSV árið 2010	26
Sveitarstjórna- og byggðanefnd.....	27
Samgöngumál.....	31
Fjárhagsnefnd	33
Stjórn og nefndir SSV	34
Fylgiskjal 2 - Ársreikningur SSV árið 2009	35
Fylgiskjal 3 - Fjárhagsáætlun SSV fyrir árið 2011.....	36

DAGSKRÁ AÐALFUNDAR SSV 2010

Haldinn í Klifi, Snæfellsbæ dagana 10. og 11. september

- 10:00 Fundarsetning: Páll Brynjarsson, formaður SSV**
Kosning fundarstjóra, fundarritara og starfsnefnda
(Kjörbréfaneftnd, kjörneftnd, fjárhagsneftnd, samgöngunefnd og sveitarstjórnar- og byggðanefnd.)
Skýrsla stjórnar og starfsemi SSV starfsárið 2009-2010
Páll Brynjarsson, formaður SSV
Reikningar og fjárhagsáætlun SSV 2009 og 2010.
Hrefna B. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri SSV
Umræður og fyrirspurnir
- 11:15 Kynning á stofnunum tengdum SSV**
Símenntunarmiðstöðin. Inga Dóra Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofa Vesturlands. Heba Björnsdóttir, framkvæmdastjóri *Umræður og fyrirspurnir*
- 12:00 Hádegisverðarhlé**
- 12:45 Nefndir koma saman**
- 13:10 Stefán Haukur Jóhannesson sendiherra**
Fyrirkomulag aðildarviðræðna Íslands og ESB.
Umræður og fyrirspurnir
- 13:50 Kynning á stofnunum tengdum SSV**
Sorpurðun Vesturlands og menningarsamningur. Hrefna B. Jónsdóttir Atvinnuráðgjöf Vesturlands og vaxtarsamningur. Ólafur Steinsson Earth Check. Erla Friðriksdóttir stjórnarmaður í SSV
Umræður og fyrirspurnir
- 14:15 Ávörp gesta**
- 14:40 Ávarp ráðherra sveitarstjórnna- og samgöngumála**
Ögmundur Jónasson, ráðherra samgöngu og sveitarstjórnarmála
Umræður og fyrirspurnir.
- 15:00 Kaffihlé**
- 15:30 Málefni fatlaðra**
Sigurður Helgason, ráðgjafi verkefnisstjórnar.
Umræður og fyrirspurnir
- 16:15 Vinna í nefndum**
- 18:00 Móttaka í boði Snæfellsbæjar**
- 19:30 Kvöldverður á Hótel Ólafsvík**

Laugardagurinn 11. september 2010

10:00 Efling sveitarstjórnarstigsins

Framsögumenn:

Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga

Páll Brynjarsson, formaður SSV. *Efling sveitarstjórnarstigsins*

Trausti Fannar Valsson. *Endurskoðun sveitarstjórnarlagar*

Björg Ágústsdóttir, verkefnisstjóri hjá Alta. *Endurskoðun reglna um Jöfnunarsjóð*

Pallborðsumræður:

Framsögumenn og Hermann Sæmundsson skrifstofustjóri í ráðuneyti sveitarstjórnarmála

12:00 Hádegishressing

13:00 Afgreiðsla ályktana

14:00 FUNDARSLIT

AÐALFUNDUR SSV 2010

FÖSTUDAGINN 10. SEPTEMBER 2010, KL. 10 HÓFST Í KLIFI, SNÆFELLSBÆ AÐALFUNDUR
SAMTAKA SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI.
EFTIRTALDIR AÐILAR SÁTU FUNDINN:

FULLTRÚAR OG GESTIR Á AÐALFUNDI

AKRANESKAUPSTAÐUR

Árni Múli Jónsson, verðandi bæjarstjóri
Akraneskaupstaðar.
Einar Benediktsson, bæjarfulltrúi
Guðmundur Páll Jónsson, formaður bæjarráðs.
Gunnar Sigurðsson, bæjarfulltrúi
Haraldur Helgason, varastjórnarmaður SSV
Hrönn Ríkharðsdóttir, stjórnarmaður SSV
Sveinn Kristinsson, forseti bæjarstjórnar
Þróstur Þór Ólafsson, bæjarfulltrúi

BORGARBYGGÐ

Bjarki Þorsteinsson, formaður byggðaráðs
Geirlaug Jóhannsdóttir, fulltrúi sveitarstjórnar
Jenný Lind Egilsdóttir, stjórnarmaður SSV
Páll S. Brynjarsson, sveitarstjóri og form. SSV
Ragnar Frank Kristjánsson, forseti sveitarstjórnar
Sigríður G. Bjarnadóttir, fulltrúi sveitarstjórnar

DALABYGGÐ

Halla Steinólfssdóttir, oddviti
Ingveldur Guðmundsdóttir Dalabyggð

EYJA- OG MIKLAHOTSHREPPUR

Guðbjartur Gunnarsson, oddviti.

GRUNDAFJARDARBÆR

Ásthildur E. Erlingsdóttir, bæjarfulltrúi
Björn Steinar Pálmason, bæjarstjóri
Gísli Ólafsson, formaður bæjarráðs.
Rósa Guðmundsdóttir, bæjarfulltrúi
Sigurborg Kr. Hannesdóttir, forseti bæjarstjórnar

HVALFJARDARSVEIT

Ása Helgadóttir, fulltrúi í sveitarstjórn
Ása Hólmarsdóttir, fulltrúi í sveitarstjórn
Laufey Jóhannsdóttir, sveitarstjóri

SKORRADALSHREPPUR

Davíð Pétursson, oddviti

SNÆFELLSBÆR

Kristín Björg Árnadóttir, bæjarfulltrúi.
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
Kristjana Hermannsdóttir, bæjarfulltrúi
Kristján Þórðarson, bæjarfulltrúi
Rögnvaldur Ólafsson, bæjarfulltrúi

STYKKISHÓLMSBÆR

Berglind Axelsdóttir, bæjarfulltrúi
Grétar D Pálsson, bæjarfulltrúi
Erla Friðriksdóttir, stjórnarmaður SSV.
Gyða Steinsdóttir, bæjarstjóri
Lárus Ástmar Hannesson, forseti bæjarstjórnar
og byggðaráðs
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

STARFSMENN SSV

Elías Árni Jónsson
Finnbjörn B. Ólafsson
Hrefna Bryndís Jónsdóttir
Margrét Björk Björnsdóttir
Ólafur Sveinsson
Vífill Karlsson

GESTIR FUNDARINS

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri FV
Auðunn Atlason, skrifstofustjóri
Ásbjörn Óttarsson, alþingismaður
Björg Ágústsdóttir, ráðgjafi
Einar K. Guðfinnsson, alþingismaður
Finnbogi Leifsson, Borgarbyggð
Jóhannes F. Stefánsson, Borgarbyggð
Guðbjartur Hannesson, ráðherra og
alþingismaður
Guðmundur Steingrímsson, alþingismaður
Hannes Heimisson, viðskiptasvið Utanríkisráðinu.
Heba Björnsdóttir, framkvæmdastjóri
Helga Karlsdóttir, ritari
Hermann Sæmundsson, skrifstofustjóri

Inga Dóra Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri
Jóhannes Finnur Halldórsson,
Innanríkisráðuneyti
Jón Óskar Pétursson, framkvæmdastjóri SSNV
Karl Björnsson, framkvæmdastjóri
Ólína Þorvarðardóttir, alþingismaður
Páll Ingólfsson, Snæfellsbæ
Sigurður Árnason, Byggðastofnun
Sigurður Helgason, ráðgjafi
Stefán Haukur Jóhannesson, aðalsamningamaður
Sveinn Pálsson, sveitarstjóri Dalabyggðar
Trausti Fannar Valsson, sérfræðingur
Ögmundur Jónasson, ráðherra og alþingismaður
Þórhallur Ásmundsson, Skessuhorni

FUNDARSETNING

Páll S. Brynjarsson setti fundinn og bauð fulltrúa og gesti velkomna. Hann kynnti eftirfarandi tillögur stjórnar um fundarstjóra og fundarritara og voru þær samþykktar. Fundarstjóri tók við fundarstjórn, þakkaði traustið og bauð ráðherra og gesti velkomna, kynnti tillögur um aðra embættismenn fundarins sem voru samþykktar. Páll nefndi að einn af þeim sveitarstjórnarmönnum sem sæti þennan 41. aðalfund SSV, Davíð Pétursson, hefði setið 38 aðalfundi, og var honum þakkað með lófaklappi.

Síðan var gengið til dagskrár.

Fundarstjórar: Páll Ingólfsson
Kristín Björg Árnadóttir

Fundarritarar: Helga Karlsdóttir
Hrefna B. Jónsdóttir

Kjörbréfanefnd: Hrönn Ríkarðsdóttir
Jenný Lind Egilsdóttir
Grétar D. Pálsson

Kjörnefnd: Kristinn Jónasson
Guðmundur Páll Jónsson
Halla Steinólfssdóttir

Fjárhagsnefnd: Páll Brynjarsson
Erla Friðriksdóttir
Sveinn Kristinsson

Samgöngunefnd: Davíð Pétursson
Ása Helgadóttir
Ragnar Frank Kristjánsson
Sigurborg Kr. Hermannsdóttir

Sveitarstjórnar- og byggðanefnd:
Laufey Jóhannsdóttir
Kristjana Hermannsdóttir
Bjarki Þorsteinsson
Gunnar Sigurðsson
Ingveldur Guðmundsdóttir

Þeim fundarmönnum sem ekki eru taldir hér upp er frjálst að starfa í þeim nefndum sem þeir kjósa.

SKÝRSLUR

Eftirfarandi skýrslur voru fluttar:

Skýrsla stjórnar og starfssemi SSV 2009-2010. *Páll S. Brynjarsson, formaður SSV.*

Reikningar og fjárhagsáætlun SSV 2009-2010. *Hrefna B. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri SSV.*

ÁRSREIKNINGUR 2009 OG FJÁRHAGSÁÆTLUN 2011 ERU Í VIÐAUKA.

SKÝRSLA FORMANNS

Ágætu sveitarstjórnarmenn og góðir gestir,

Starfsemi Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi hefur í meginindráttum verið með hefðbundnum hætti á liðnu starfsári, en ber þó um margt svip af þeim breytingum sem riðið hafa yfir íslenskt samfélag frá efnahagshruninu haustið 2008 og mun ég gera frekari grein fyrir verkefnunum hér á eftir.

Stjórn SSV á starfsárinu 2009-2010 skipuðu Hrönn Ríkharðsdóttir, Jenný Lind Egilsdóttir, Kristjana Hermannsdóttir, Eydís Aðalbjörnsdóttir, Erla Friðriksdóttir, Þorgrímur Guðbjartsson og Páll S. Brynjarsson. Áheyrnarfulltrúar voru Ása Helgadóttir og Rós Guðmundsdóttir.

Stjórn SSV hélt 7 fundi á starfsárinu og stjórnarmenn áttu einnig í tölvusamskiptum sín á milli um ýmis mál eftir þörfum. SSV efndi til og tók þátt í ýmsum fundum á liðnu starfsári. Þar má helst nefna að haldinn var sameiginlegur fundur fulltrúa sveitarstjórnna á Vesturlandi með þingmönnum kjördæmisins, formaður og framkvæmdastjóri sátu fund með stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, formaður sat stofnfund sveitarstjórnarvettvangs EFTA sem haldinn var í Reykjavík í júní s.l. og sumarfundur landshlutasantaka sveitarfélaga fór fram í Borgarnesi í júníþyrjun, en Vestlendingar hafa verið í forustu fyrir samstarf landshlutasantakanna þetta árið.

Helstu verkefni á starfsárinu

MÁLEFNI FATLAÐRA

Í byrjun árs 2011 mun þjónusta við fatlaða flytjast til sveitarfélaganna. SSV stofnað fimm manna vinnuhóp í lok árs 2009 til að kortleggja möguleika sveitarfélaga á Vesturlandi til að taka við þessum verkefnum sem og að gera tillögu að því hvernig sveitarfélögin myndu skipuleggja þessa þjónustu í framtíðinni. Hópurinn lagði fram tillögu sína s.l. vor og nú eru drög að samningi um þjónustusvæðið Vesturlands til umfjöllunar hjá sveitarstjórnum. Í dag

mun Sigurður Helgason ráðgjafi kynni drögin að samningnum og það ferli sem framundan er.

Það er ljóst að miklu skiptir að vel takist til við yfirlærislu málefna fatlaðra til sveitarfélaganna, þannig að hægt sé að efla þjónustu við notendur og að styrkja félagsþjónustuna almennt.

VAXTARSAMNINGUR

Vaxtarsamningur hefur verið starfræktur á Vesturlandi síðan vorið 2007. Snemma árs 2010 var samningurinn endurnýjaður og gerðar á honum allnokkrar breytingar. Það er mitt mat að Vaxtarsamningur Vesturlands hafi verið afar mikilvægur fyrir byggðaþróun í landshlutnum, samningurinn hefur stutt við vaxtarbrodda á svæðinu og skapað ný tækifæri. Með hliðsjón af því árferði sem við búum við í dag skiptir miklu máli að sveitarstjórnarmenn, fulltrúar atvinnulífs og háskóla á Vesturlandi skilgreini sóknarfæri landshlutans og við fáum stuðning ríkisins til þeirra góðu verka sem skilgreind eru í samningi

MENNINGARSAMNINGUR

Menningarsamningur fyrir Vesturland var undirritaður vorið 2006. Samningurinn var endurnýjaður s.l. vor og gildir nýr samningur aðeins til eins árs. Samningurinn hefur tvímælalaust stuðlað að öflugra menningarlífí á Vesturlandi og í gegnum samninginn hefur verið hægt að styðja við ýmis verkefni. Líkt og með vaxtarsamning þá hefur starfsmaður menningarsamningsins aðstöðu á skrifstofu SSV.

SÓKNARÁÆTLUN 20/20

Vinna við sóknaráætlun fór af stað haustið 2009. Um er að ræða verkefni ríkisstjórnarinnar. Markmiðið er að mótuð verði heildstæð stefna fyrir Ísland í þágu atvinnulífs og samfélags. Í verkefninu er m.a. ætlunin að samþætta áætlanir hinna ýmsu ráðuneyta, s.s. byggðaáætlun, samgönguáætlun, fjarskiptaáætlun o.s.frv.

Landshlutasamtök sveitarfélaga hafa komið að vinnu við sóknaráætlanir á sínum svæðum. Haldnir voru þjóðfundir á hverju svæði með svipuðu sniði og þjóðfundurinn stóri sem haldinn var í Laugardalshöll í nóvember s.l. Á þjóðfundum í landshlutunum var boðið fulltrúum allra helstu hagsmunaaðila ásamt 50-90 íbúum hvers svæðis sem valdir voru með slembiúrtaki. Á þjóðfundunum var leitast við að draga fram sóknarfæri svæðisins sem byggði á styrkleikum og lykilhæfni sem til staðar er. Þjóðfundur á Vesturlandi var haldinn í febrúar s.l. og heppnaðist afar vel.

Búið er að ganga frá stöðuskýrslum landshluta vegna Sóknaráætlunar 20/20 og eru þær birtar á vefnum www.island.is. Skýrslurnar eru í raun niðurstöður þjóðfunda sem haldir

voru í öllum landshlutum. Úrvinnsluhópar fóru yfir tillögur og hugmyndir sem fram komu á fundunum og forgangsröðuðu þeim.

Áfram verður unnið að þessu verkefni á vegum SSV og má m.a. nefna að starfsmenn SSV eru þessa dagana að vinna við að skilgreina sérstöðu "stórhöfuðborgarsvæðisins" eða svæðisins frá Hvítá - Hvítá og samstilla sóknaráætlun fyrir það svæði, en það eru fjögur landshlutasamtök sem koma að því verkefni.

EFLING SVEITARSTJÓRNARSTIGSINS

Haustið 2009 undirrituðu Samband sveitarfélaga og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið samning um eflingu sveitarstjórnarstigins. Í kjölfarið var skipuð Landsnefnd um sameiningu sveitarfélaga. Í febrúar s.l. var haldinn opinn fundur um sameiningu sveitarfélaga á Vesturlandi þar sem samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra kynnti hugmyndir ráðuneytisins um eflingu sveitarstjórnarstigsins. Á sama tíma var skipaður vinnuhópur um eflingu sveitarstjórnarstigsins á Vesturlandi. Hópinn skipuðu fulltrúar sveitarfélaganna, einn frá hverju sveitarfélagi, auk þess sem formaður SSV og varaformaður sátu í nefndinni. Hópurinn fékk starfsfólk SSV til að taka saman skýrslu um kosti og galla þess að sameina sveitarfélög á Vesturlandi í eitt sveitarfélag. Skýrslan hefur verið send til umfjöllunar hjá sveitarfélögunum, en hún verður einnig til umræðu á þessum aðalfundi. Stjórn SSV hefur verið sammála um að mikilvægt er að þessari vinnu verði haldið áfram.

OPEN DAYS

Undanfarin ár hafa Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi markvisst reynt að auka þátttöku í alþjóðlegum verkefnum, efla þekkingu og auka tengsl við ýmsar stofnanir á vegum Evrópusambandsins. Síðastliðið haust sótti hópur sveitarstjórnarmanna af Vesturlandi "Open days" í Brussel og var þetta í þriðja skipti sem fulltrúar frá SSV sóttu þennan viðburð, en um er að ræða einn stærsta viðburð sveitarstjórnarfólks í Evrópu. SSV, FV og SSNV voru í samstarfi um framlag og flutti undirritaður erindi á málstofu sem fjallaði um orkunýtingu og möguleika á sjálfbærni varðandi orkunotkun á Íslandi.

Þátttakendum gafst kostur á að sækja fjölmörg málþing sem í boði voru og notfærðu menn sér það óspart. Þar var fjallað um allt mögulegt sem snertir starfsemi sveitarfélaga og töldu menn sig hafa töluvert gagn af því að sækja málþingin.

Í tengslum við þátttöku á "Open days" var fundað með íslenska sendiherranum í Brussel og starfsfólki ráðuneyta í sendiráðinu, auk þess sem fundað var með fulltrúum úr viðræðunefnd ESB gangvart Íslandi um aðildarferlið, en þessir fulltrúar höfðu stuttu áður heimsótt Vesturland og hlýtt á kynningu um byggðamál á Íslandi.

ATVINNURÁÐGJÖF VESTURLANDS

Atvinnuráðgjöfin hefur komið að mörgum verkefnum á Vesturlandi þetta árið og ljóst að álag hefur aukist verulega vegna efnahagsástands. Meginþungi eftirspurnar eftir þjónustu var á sunnanverðu Vesturlandi og er það í samræmi við áhrifasvæði kreppunnar sbr. niðurstöðu skýrslu sem Atvinnuráðgjöf vann. Aukin eftirspurn eftir þjónustu var af öllum toga, frá sveitarfélögum, einstaklingum og fyrirtækjum.

Líkt og áður hafa starfsmenn Atvinnuráðgjafar komið að ýmsum málum og má þar nefna; þáttöku í ýmsum verkefnum, námskeið, vinnsla umsókna fyrir einstaklinga og fyrirtæki, leiðbeiningar og ráðgjöf í fyrirtækjum o.fl. Þá hefur atvinnuráðgjöfin sinnt útgáfustarfsemi, bæði hvað varðar skýrslugerð og hagvísa. Þá lauk vinnu við verkefnið „Stytting veglína á Vesturlandi“ en þar eru teknar fyrir þrjár leiðir, leið um Grunnafjörð, leið vestan Eldborgar og leið um Uxahryggi. Verkefnið fól í sér ítarlega úttekt á þessum samgöngubótum. Loks er rétt að nefna að þessa dagana er unnið að könnun á viðhorfi íbúa á Vesturlandi til búsetuskilyrða í landshlutnum og er áætlað að niðurstöður liggi fyrir í árslok.

Undanfarið ár hefur um margt verið sveitarfélögum á Vesturlandi þungt í skauti og mörg þeirra glíma við erfiðleika í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008. Sveitarfélögin hafa þrátt fyrir það lagt sitt af mörkum til þess að byggja upp öflugt samfélag að nýju, en það er afar mikilvægt að leita allra leiða til þess að efla atvinnulíf á svæðinu og þar er Atvinnuráðgjöf Vesturlands í lykilhlutverk. Því er afar brýnt að tryggja að atvinnuráðgjöfin njóti áframhaldandi stuðnings stjórnvalda, en blikur eru á lofti þar en samningur um atvinnuráðgjöf við Byggðastofnun rennur út um áramót. Mikilvægt er að tryggja framhald starfseminnar, en viðræður um framhald hafa ekki farið af stað. Hins vegar er líklegt að skerðing verði á framlagi á næsta ári í ljósi boðaðs niðurskurðar á fjárlögum.

Töluverð umræða er á vettvangi stjórnvalda um frekari samþættingu stoðþjónustunnar og er þá talað um Nýsköpunarmiðstöð, markaðsstofur og atvinnuþróunararfélög í því sambandi. Það er líka umhugsunarefni og kallar á viðsprynu sveitarfélaga þegar ríkisvaldið virðist ætla að koma sífellt stærri verkefnum yfir á sveitarfélögin án þess að fjármagn fylgi, sbr. kvaðir um endurgjaldslausa umsjón atvinnuþróunararfélaga með vaxtarsamningum og er sú kvöð rökstudd með því að landshlutarnir fái fjármagn til atvinnuþróunarstarfsins frá ríkinu.

Ef horft er til skipulags á uppbyggingu atvinnuþróunarstarfs í landshlutunum er mismunandi form á fyrirkomulagi reksturs atvinnuþróunararfélaga, en tilhneigingin virðist vera í þá átt að fleiri landshlutar sjáí fyrir sér að færa skipulag sinna mál í svipað horf og er á Vesturlandi, þ.e. að atvinnuráðgjöfin og landshlutasamtök sveitarfélaga séu undir sama hatti.

Í mínum huga er afar mikilvægt að breytingar á stoðkerfi atvinnulífsins stuðli enn frekar að frumkvæði heimamanna og að ábyrgð á málefnum Vestlendinga verði færð í auknum mæli til okkar ásamt því fjármagni sem þarf til að geta sinnt þessum verkefnum sómasamlega.

LOKAORÐ.

Í mínum huga mun SSV-þróun og ráðgjöf gegna mikilvægu hlutverki í þeirri uppbyggingu sem býður okkar á Vesturlandi. Því leggur stjórn SSV til að ekki verði dregið úr umfangi á starfsemi samtakana á komandi starfsári. Líkt og flest opinber samtök munum við búa við skert framlög frá ríkinu og á því höfum við skilning. Til að mæta samdrætti í tekjum mun stjórn SSV leggja til að framlög sveitarfélaga samtakanna hækki um 7% á árinu 2011.

Ég hef undanfarin fjögur ár átt sæti í stjórn SSV, það hefur verið afar lærðómsríkt og skemmtilegt starf. En nú er komið að leiðarlokum. Ég vil því þakka sveistarstjórnarmönnum fyrir ánægjulegt samstarf á þessum vettvangi undanfarin ár, stjórnarmönnum og starfsfólki SSV þakka ég einstakleg gott og gefandi samstarf.

Páll Ingólfsson, fundastjóri þakkaði, Páli Brynjólfssyni fyrir og bað Hrefnu Jónsdóttur um að kynna skýrslu framkvæmdastjóra.

SKÝRSLA FRAMKVÆMDASTJÓRA

ÁRSREIKNINGAR OG FJÁRHAGSÁÆTLUN

Hrefna B. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri SSV las og skýrði endurskoðaða reikninga ársins 2009. Rekstur SSV fyrir 2009 var réttu megin við núllið. Einnig var kynnt fjárhagsáætlun 2011 á hún samkvæmt áætlun að standa á núlli. Hrefna skýrði þá hækjun á launum og launatengdum gjöldum væri vegna þess að starfsmaður vaxtasamningsins er nú orðinn starfsmaður SSV. Hrefna nefndi árgjöld sveitarfélaganna en samþykkt var á síðasta stjórnarfundi að hækka árgjöld sveitarfélaga til SSV um 7%.

Fundastjóri þakkaði Hrefnu fyrir samantekt á reikningum og fjárhagsáætlun. Fundastjóri opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir um ársreikninga og fjárhagsáætlun.

FYRIRSPURNIR OG UMRÆÐUR

Engin kvað sér hljóðs og því vísaði fundastjóri ársreikningum og fjárhagsáætlun til fjárhagsnefndar.

Fundastjóri óskaði eftir að Hrönn Ríkarðsdóttir skilaði vinnu kjörbréfanefndar.

Hrönn Ríkarðsdóttir gerði grein fyrir störfum kjörbréfanefndar. Hún benti sveitarfélögum á að stundum kæmi ekki nágu skýrt fram hverjir séu fulltrúar með atkvæðisrétt í kjörbréfunum. Hrönn afhenti starfsmönnum fundarins bréfin, síðan var gefin kostur á spurningum eða athugasendum – engin kvað sér hljóðs.

Fundastjóri kynnti fulltrúa sveitarstjórnamanna, starfsmenn SSV og aðra gesti með nafna kalli.

KYNNING Á STOFNUNUM TENGDUM SSV

Fundastjóri kynnti Ingu Dóru Halldórsdóttur framkvæmdastjóra Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands.

SÍMENNTUNARMIÐSTÖÐ VESTURLAND - INGA DÓRA HALLDÓRSDÓTTIR, FRAMKVÆMDASTJÓRI

Inga Dóra þakkaði fyrir að fá tækifæri til að kynna starfsemi Símenntunar. **Sjá sér skjal með glærum.**

Fundastjóri þakkaði Ingu Dóru fyrir erindi sitt og kynnti Hebu Björnsdóttur framkvæmdastjóra Markaðsstofu Vesturlands.

MARKAÐSSTOFA VESTURLANDS - HEBA BJÖRNSDÓTTIR, FRAMKVÆMDASTJÓRI

Heba þakkaði fyrir að fá tækifæri til að kynna Markaðsstofu. **Sjá sér skjal með glærum.**

Fundarstjóri þakkaði Hebu sitt erindi og opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir.

FYRIRSPURNIR OG UMRÆÐUR

Kristinn Jónasson þakkaði fyrir erindin sem haldin voru. Hann taldi að Símenntun væri að vinna mjög gott starf og fagnaði því. Kristinn var einnig ánægður með kynningu Hebu og fagnaði því hvað er verið að vinna gríðlega gott starf þar. Kristinn tók undir með Hebu að sveitarfélögini og Markaðsstofa ættu að vinna betur saman til þess að kynning á ferðajónustu á Vesturlandi skili sér betur. Hann vitnaði í alla þá bæklinga sem gefnir eru út á Vesturlandi sem kynningarefni á afþreyingu (sjá glærur), þar ætti að nýta tækifærið og nýta þessa ágætu sérfræðinga og gera eithvað af viti, t.d. að sameina þetta góða kynningarefni í einn bækling.

Ragnar Frank Kristjánsson kom inná sömu atriði og Kristinn. Hann talaði um skipulag sem Borgarbyggð hefur verið að vinna um kortlagningu gönguleiða og að þar væru tækifæri til að fá

sérfræðingana til að vinna betur saman og tengja við Vesturland. Hann fagnar þessu góða starfi Markaðsstofu og Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands.

Gunnar Sigurðsson tók einnig til máls. Hann vildi meina að það þyrfti að skilgreina betur starf ferðamála, t.d. varðandi bæjarhátíðir þær mætti kynna betur með hjálp Markaðsstofu. Hann tók undir orð Kristins um að vinna mætti þetta starf betur með samvinnu sveitarfélaganna. Hann fór aðeins inná það viðkvæma mál hver ætti að borga fyrir kynninguna. Hér áður fyrr voru það bara sveitarfélög. Að lokum sagði hann að uppbygging væri enn í gangi á Markaðsstofu Vesturlands og þar væri tölverð vinna framundan.

Gísli Ólafsson, fyrrverandi formaður Markaðsstofu kvaddi sér hljóðs. Hann kom inná að menntun og þekking væri atvinnusköpun og taldi að Símenntunarmiðstöðin hafi náð að byggja vel upp á því sviði. En það væri langt í land og mikil verkefni framundan. Gísli taldi að sveitarfélög á Vesturlandi væru að borga langminnst til ferðaþjónustukynninga eða Markaðsstofu á hvern íbúa. Hann tók sem dæmi að þegar litið er til þess hvað aðrar atvinnugreinar væru að fá, þá væri ferðaþjónustan að fá langminnst og þar mætti endurskoða með tilliti til aukningar á fjármagni þangað. Hann kom síðan aðeins inná að skoða mætti hvort ekki væri möguleiki á að gera þjóðgarðinn að sjálfseignarstofnun svo að hann kæmi undir okkar forræði. Að lokum fagnaði hann þessum erindum frá Símenntunarmiðstöð Vesturlands og Markaðsstofu Vesturlands.

HÁDEGISVERÐARHLÉ

Fundastjóri, kynnti Stefán Hauk Jóhannesson, sendiherra en hann var með erindi um fyrikomulag aðildarviðræðna Íslands og ESB.

FYRIRKOMULAG AÐILDARVIÐRÆÐNA ÍSLANDS OG ESB

STEFÁN HAUKUR JÓHANNESSON, SENDIHERRA

Stefán Haukur þakkaði fyrir að fá að koma að kynna aðildarviðræður um aðild að ESB fyrir Íslands hönd. **Sjá sér skjal með glærum.**

Fundarstjóri þakkaði Stefáni fyrir sitt erindi og opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir.

FYRIRSPURNIR OG UMRÆÐUR

Gísli Ólafsson, spurði hvort um væri að ræða aðlögun eða samninga viðræður? Hvar stæðu aðildarviðræðurnar.

Stefán Haukur svaraði því þannig að viðræðurnar væru töluvert pólitískar en hann líti á þetta sem samningaviðræður. Hins vegar þyrfti að gera greinamun á undirbúning að viðræðum og aðlögunarviðræðum. Stundum þyrftu ríki hjálp til að standa í þessu. Til dæmis með því að byggja upp og undirbúa stjórnsýsluna fyrir ESB. Ríki þyrftu hjálp við að taka þátt í samstarfsáætlun og læra ákveðin vinnubrögð. Hér á landi þurfi að ráðast í mörg verkefni til að aðlagast sem ESB ríki. T.d. þarf að auka menntun á vinnumarkað sem hluta af þessari 20/20 áætlun. Á Íslandi væri mjög hátt hlutfall ómenntaðra úti á vinnumarkaðnum eða 30% án formlegrar framhaldsskólamenntunar. Þetta er hæsta hlutfall í Evrópu og þar af leiðandi þarf að hækka menntunarstig hér en það er hægt að fá stuðning innan ESB til þess, óháð ESB aðild. Ísland er líka skuldbundið til að gera vistkerfiskort. Sú vinna er verulega kostnaðarsöm og þar getur ríkið fengið aðstoð hjá ESB.

Guðmundur Páll Jónsson, kom inná orkunotkun. Það sé ekkert fjallað sérstaklega um orkumál í aðildarviðræðum og spurði að því hvernig væri verið að halda utan um þann pakka? Hann treysti því að halddið væri vel utan um sjávarútvegs- og landbúnaðarmál en sagðist hafa áhyggjur af orkunotkunar pakkanum.

Stefán Haukur svaraði því að kafli 15 fjallaði sérstaklega um orkunotkun sem er sérstakur samningur. ESB skipti sér ekkert af eignahald á orkulindum og því ekki hætta á að við missum eignarhald þar. Orkuauðlindir séu gríðarlega mikilvægar fyrir okkur sem ríki og við séum það ríki sem sé með hæst endurnýjanlegum orkugjöfum. Hins vegar gætu gróðurhúsaáhrifin gætu reynst okkur erfið.

Sveinn Kristinsson kom aðeins inná sjávarútvegs og landbúnaðarmál. Hann talaði um að það hafi verið hrakspár varðandi landbúnaðinn spurði hvernig samningurinn við ESB hefði virkað á landbúnað Finna?

Stefán Haukur, svarði að það hefðu verið gerðar skýrslur um hvernig gengið hafi hjá Finnnum í landbúnaðarmálum. Þar kemur fram að sauðfjárbúskapurinn kemur ekki illa út en ekki eins vel fyrir hvíta kjötið. Í mjólkurframleiðslunni gætu komið til breytingar þó nokkuð erfitt sé að fullyrða nokkuð þar um eins og er. Þar er spurning um lagabreytingar en Evrópusambandið er til að mynda ekki með kvótakerfi á mjólkurafurðum. Það þyrfti því ákveðna aðlögun fyrir okkur hér. En það þurfi að endurskoða landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins sem hefur verið gert á nokkurra ára fresti. Evrópusambandið hefur sýnt fram á áhuga að halda úti landbúnaði og þar sem Íslands er svo strábýlt land séu miklar líkur á endurskoðun byggðarþáttar landbúnaðarstefnunnar. En þetta mun samt sem áður ekki verða ljóst fyrr en búið er að semja og þá fyrst kemur í ljós hvernig samningurinn muni hljóða.

Vífill Karlsson, spyr hvort Stefán Haukur telji að við munum fá ásættanlegan samning um sjávarútvegsmál?

Stefán Haukur svaraði að þetta muni klárlega verða eitt stærsta málið í aðildarviðræðunum við ESB. Ýmsir sérstaða í okkar sjávarútvegi ætti eftir að verða okkar hagur. Í fyrsta lagi þá liggur efnahagslögsga okkar ekki að efnahagslögsgu annarra Evrópusambandsríkja, eins og tilfellið er með mörg önnur Evrópuríki. Í öðru lagi þá væru það einungis Íslendingar sem veiddu í okkar lögsgu en það er grunnstefna Evrópusambandsins að byggja á veiðiheimildum. Í þriðja lagi þá erum við ekki að ríkissyrkja sjávarútvegin sem er óvenjulegt innan ESB, sem um leið okkar hagur í

samningaviðræðum. Hins vegar þarf í samningaviðræðunum að hafa í huga fjárfestingar innan sjávarútvegsins, en fjárfestingar milli landa hafa ekki verið leyfðar innan EES. Stefán talaði um að skoða þyrfti til hlítar hvernig önnur ríki hafi tryggt sína löggjöf og takmarkanir, eins og t.d. Danir og Bretar. Hann taldi samningamenn meðvitaðir um þessi vandamál, en það ætti eftir að fara í þessa vinna og það væru til leiðir. Einnig hefðum við ýmsa sérstöðu í sjávarútvegi, sérstaklega hvað varðar reynslu en Evrópusambandið byggir mikið á reynslu í sjávarútvegi. Við eigum að tryggja að afraksturinn af auðlindinni falli hér á Íslandi. Stefán Haukur telur að það séu til leiðir til þess.

KYNNING Á STOFNUNUM TENGDUM SSV

Fundastjóri, kynnti Ólaf Sveinsson forstöðumann, SSV, þróunar og ráðgjafar.

ATVINNURÁÐGJÖF VESTURLANDS OG VAXTARSAMNINGUR - ÓLAFUR SVEINSSON, FORSTÖÐUMAÐUR SSV-Þ&R

Ólafur Sveinsson, kynnti Atvinnuráðgjöf Vesturlands og Vaxtarsamninginn. **Sjá sér skjal með glærum.**

Fundastjóri þakkaði Ólafi fyrir erindi sitt og kynnti Hrefnu Jónsdóttur framkvæmdastjóra SSV og Sorpurðunar Vesturlands.

SORPURÐUN VESTURLANDS OG MENNINGARSAMNINGUR - HREFNA B. JÓNSDÓTTIR, FRAMKVÆMDASTJÓRI SSV

Hrefna Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Sorpurðunar Vesturlands kynnti starfsemi fyrirtækisins. **Sjá sér skjal með glærum.**

Fundastjóri þakkaði Hrefnu fyrir erindi sitt og kynnti Erlu Friðriksdóttur stjórnarmann SSV.

EARTH CHECK - ERLA FRIÐRIKSDÓTTIR, STJÓRNARMAÐUR Í SSV

Erla Friðriksdóttir kynnti Earth Check. **Sjá sér skjal með glærum.**

Fundastjóri þakkaði Erlu fyrir erindið. Engin kvað sér hljóðs í fyrirspurnum og umræðum.

ÁVÖRP GESTA

Fundastjóri gaf orðið laust.

Ásbjörn Óttarsson, óskaði nýkjörnum sveitarsjónamönnum velfarnaðar í starfi. Ásbjörn fór lauslega yfir sveitarstjórnarmál og minnti á það vandasama starf sem nýkjörnir sveitarstjórnarmenn ættu fyrir höndum. Ásbjörn kom inná vangaveltur um hvaða verkefni ættu að vera í höndum sveitarfélaga og hvort þau ættu að vera á ábyrgð ríkis og sveitarstjórnna. Hann nefndi að það færi oft mikil orka og tími í að leysa einföld ágreinings mál sem hann taldi að ekki þyrfti að vera svo flókin úrlausnar. Sem dæmi tók hann hækkan á tryggingagjaldi hjá sveitarfélögum, en þar taldi hann að vanda þyrfti til verka hjá sveitafélögum áður en ákvörðun væri tekin. Ásbjörn hvatti ráðherra sveitarstjórnna Ögmund Jónasson, um að vanda til verka þegar um tilfærslumál er að ræða frá ríki til sveitafélaga. Ásbjörn ítrekaði að þessar millifærslur hafi ekki byrjað hjá núverandi ríkisstjórn.

Ásbjörn bað fyrir kveðju frá þeim þingmönnum kjördæmisins sem ekki komust vegna annarra starfa, með ósk um góð störf á komandi árum. Hann þakkaði líka gott samstarf sem hann hafði við SSV þegar hann sat í sveitarstjórn og einnig það góða starf sem þau hafa unnið.

Fundarstjóri kynnti Ögmund Jónasson, ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnar-mála.

ÖGMUNDUR JÓNASSON, RÁÐHERRA SAMGÖNGU- OG SVEITARSTJÓRNARMÁLA

Ögmundur Jónasson sagði það mikið ánægjuefni að fá að ávarpa fundinn hér í dag. Hann sagði aðeins viku liðna síðan hann tók við því mikilvæga embætti, samgöngu og sveitamálaráðherra ásamt embætti dóms og kirkjumálaráðherra. Hann taldi að þessir málaflokkar, samgöngur og mannréttindamála fari vel saman. Mikilvæg málezni tilheyrru þessum málaflokkum. Hann minntist einnig á sameiningu heilbrigðis- og félagmála í eitt ráðuneyti.

Ráðherra er enn að kynna sér þau viðfangsefni og verkefni, sem tilheyra hans embætti. Hann benti á að kerfin ættu sín lögmál þrátt fyrir að ráðherrar kæmu og færuru. Þar að auki væri hann ekki alveg nýr í þessu umhverfi þar sem hann kynntist því þegar hann var heilbrigðisráðherra.

Ögmundur greindi frá því að hann muni viðhalda þeim verkefnum sem þegar hafa verið sett í framkvæmd. Sem dæmi má nefna að þá standa yfir viðræður við lífeyrissjóði varðandi verkefni í samgöngumálum, en þau verkefni hafa verið verulega umdeild og talin til einkaframkvæmda. Þau verkefni sem um ræðir eru breikkun Suðurlandsvegar, Vesturlandsvegar og bygging Vaðlaheiðaganga, ásamt Reykjanesjabraut. Félag sem myndi verða stofnað til að hrinda þessum verkefnum í framkvæmd yrði alfarið í eigu ríkisins og sé því ekki einkaframkvæmd. Málið snúist um fjármögnun frá lífeyrissjóðunum. Allt okkar velferðakerfi sé fjármagnað með skattlagningu, þar með talið samgöngukerfið, en spurning er um í hvaða formi sú skattlagning ætti að vera. Huga þarf að því að íþyngja ekki einstaka byggðalögum með skattlagningu t.d. vegna vegamála. Ein af þessum framkvæmdum, Vaðlaheiðagöng, mun fela í sér að auk ríkis og sveitarfélaga muni þriðji aðili, KEA, koma að því verkefni.. Þetta er gert vegna ASG, þar sem þeir vilja stjórna því hvernig ríkið hagar

sínum lántökum, hverju sinni. Kristján Möller hefur unnið að þessu verkefni og mun halda því áfram að einhverju leiti að ósk Ögmundar. Framundan er tólf ára áætlun um vegaframkvæmdir og muni ráðherra ganga eftir því að sú áætlun verði skipulögð með velferðar sjónarmiði í huga.

Ögmundur talaði um að sveitarstjórnarmál væru mikill og fjölbreyttur málaflokkur. Hann vill að staðbundið lýðræði verði haft að leiðarljósi. Grundvallraratriði væri að sameiningar sveitarfélaga væru af fúsum og frjálsum vilja þeirra sveitarfélaga sem velja þá leið en ekki samkvæmt lögþingunum. Ögmundur er sannfærður um að leiðin fyrir sveitarfélögin væri að starfa í starri einingum og það ætti að stuðla að sameiningum.

Ráðherra kom inná fjárfestingar sveitarfélaga. Nefndi að sum þeirra hafi farið of geyst í fjárfestingar í góðærinu. Hann ræddi um sölu eigna sveitarfélaga sem þau svo leigja þau aftur, sem hann telur vera slæma aðferð og dregur hann í efa að þetta sé rétt leið fyrir opinberar stofnanir. Þar af leiðandi hefur ráðherra hug á að takmarka heimildir sveitarfélaga til að selja eigur sínar. Hann taldi að verið væri að hugsa til frekar skamms en langs, ekki til framtíðar. Ögmundur tók sem dæmi sveitarfélagið Farum í Danmörku sem hann vill að verði víti til varnaðar fyrir íslensk stjórnvöld. Sveitarfélag seldi eignir sín til eignarhaldfélaguna notaði fjármunina sem fengust til að fjárfesta í gæluverkefnum. En ráðherra minnti einnig á að sveitarfélög væru sjálfstæðar einingar og þurftu að fá að vera það áfram. Hann kom einnig inná nefnd um sameiningu sveitarfélaga og millifærslur á verkefnum milli ríkis og sveitarfélaga.

Ögmundur ræddi um þá uppbyggingu sem Fjarskiptasjóður hefur staðið að og væri afar mikilvæg. Nú væri búið að bæta fjarskipti í Dalabyggð og gætu sveitungar þar notað GSM símana sína heima en unnið væri að því að bæta fjarskipti á Snæfellsnesi. Þar með yrði lokið lögbundnum verkefnum fjarskiptasjóðs.

Ögmundur nefndi einnig að uppbygging eftir hrún væri mikilvæg og huga þyrfti að þróun umbóta í stjórnsýslu ríkisins ásamt lýðræðisumbótum. Tryggja þyrfti mannréttindi á öllum stigum samfélagsins, ekki síst hjá minnihlutahópum. Ráðherra minnti á að kreppur eru ekki bara af hinu slæma, í þeim feldust oft tækifæri t.d. við endurskoðun á kerfinu. Því til viðbótar sagði hann að það yrði samt sem áður að taka allar ákvarðanir á yfirvegaðan hátt.

FYRIRSPURNIR OG UMRÆÐUR

Kristinn Jónasson, tók til máls og óskaði ráðherra til hamingju með embættið. Hann vildi minnast á tvennt varðandi samgöngumálin og það væru ekki beinar spurningar til ráðherra heldur ætlaði hann aðeins að bein sinni visku til ráðherra. Það fyrra væri fjárveiting til samgöngumála, Kristinn velti því upp hvers vegna áhersla væri meiri á Eyjafjörðinn og höfuðborgarsvæðið en til að mynda Vesturland? Honum fyndist undarlegt að Vesturland þyrfti ávalt að bíða, hvort sem um væri að ræða góðæri eður ei. Kristinn vildi sjá að komið yrði á jafnræði í fjárveitingum til vegamála milli landshluta og að við nytum sanngirni.

Það seinna sem Kristinn kom inná var endurskoðun sveitarstjórnarnamálefna. Hann vildi leggja höfuð áherslu á að sjálfstæði sveitarstjórnna verði virt, en það þurfi hins vegar að setja skýrari reglur varðandi fjármál þeirra, sem hann taldi vera allt annað mál. Kristinn tók sem dæmi að þegar

Snæfellsbær byggði íþróttarhús þá 6 ár að borga niður þá skuldsetningu en skuldsetning sveitarfélagsins jókst um 100% við þessa framkvæmd. Þar af leiðandi þarf að gera ráð fyrir í reglum um fjármál sveitarfélaga að þetta svigrúm sé til staðar, t.d. ef byggja þarf nýjan grunnskóla. Gæta vel að því að reglurnar verði ekki of kantaðar þannig að sveitarfélög lendi í erfiðleikum með slíkar framkvæmdir.

Að lokum vildi hann að það yrðu settar reglur á ríkið varðandi kröfur á sveitarfélög. Að álögurnar yrðu ekki svo miklar að sveitarfélögin ættu í erfiðleikum með þær.

Páll Brynjarsson, tók til máls. Hann vildi útskýra í stuttu máli hvers vegna var farið þá leið sem Sigurður Helgason muni kynna um málefni fatlaðra á Vesturlandi og hvers vegna sveitarfélögin taki þessa þjónustu yfir. Páll sagði að horft hafi verið til þeirrar leiðar sem Norðvesturland fór eða út frá byggðalagi með dreifðri stýringu. Fengnir voru fjórir aðilar í vinnuhóp auk Sigurðar sem starfaði með hópnum allan tíman, og sá hópur komst að þeirri niðurstöðu sem Sigurður mun skýra frá í sinni kynningu. Páll vildi einnig koma því á framfæri að hann er mjög ánægður með þessa sameiginlegu niðurstöðu.

Fundastjóri kynnti Sigurður Helgason, ráðgjafa verkefnisstjórnar sem hélt erindi um málefni fatlaðra.

MÁLEFNI FATLAÐRA

SIGURÐUR HELGASON, RÁÐGJAFI VERKEFNISSTJÓRNAR

Sigurður Helgason fjallaði um samkomulag um þjónustusamning varðandi flutning málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. **Sjá sér skjal með glærum.**

Fundastjóri þakkaði Sigurði fyrir erindið.

FYRIRSPURNIR OG UMRÆÐUR

Guðbjartur Hannesson, tók til máls og óskaði sveitarstjórnarmönnum innilega til hamingju með kosningu til sveitarstjórn. Hann lýsti yfir ánægju með það góða starf sem unnið hefur verið við tilvonandi samkomulag milli sveitarfélaga og ríkis varðandi þjónustusamning um málefni fatlaðra. Guðbjartur vonar að þessi tilfærsla takist vel og verði farsæl. Hann telur mörg tækifæri opnast við þessa breytingu t.d. hvað varðar heilsugæslu og með hvaða hætti mætti fléttu saman samstarf milli ríkis og sveitarfélaga. Einnig nefndi hann málefni aldraða o.f.l., sem mætti vinna að sameiginlega. Hann taldi að hægt væri að búa til þjónustumiðstöðvar þessara málaflokka. Guðbjartur kom inná sameiningu ráðuneyta. Þar skipti mestu máli fólkis sjálft í samféluginu, sem þarf að notafæra sér þá þjónustu sem er í boði, sem er sama fólkis og sveitarfélögin eru að þjónusta. Þar af leiðandi skipti máli að sinna þessu vel þó svo að eitthvað skarist þarna á milli. Næstu tvö árin skiptir mestu að nýta peningana sem best og skoða hvernig hægt sé að nýta þá betur. Guðbjartur þakkaði að lokum fyrir að fá tækifæri til að vera með fundarmönnum í dag.

Ragnar Frank Kristjánsson tók til máls. Hann vildi meina að verkefni sem sveitarstjórnarmenn og sveitarfélög séu að taka að sér eins og t.d. málefni fatlaðra séu umhugsunarverð og einnig hvaða verkefni sveitarstjórnarstigið eigi að taka að sér. Hann vill meina að hægt sé að veita betri þjónustu í málefnum fatlaðra m.a. með því að eyða þessum gráu svæðum sem liggja á milli Tryggingarstofnunar og félagsþjónustu sveitarfélaga. Hann veltir upp hver sé staðan varðandi yfirtöku þessa verkefnis, þar sem örstutt sé þar til sveitarfélögin taki við málaflokknum, hverjur séu kostir og gallar varðandi þessa tilfærslu. Spyr hvort þetta verði sameiginlegt verkefni á öllu Vesturlandi og ef svo sé, þá taldi hann að hægt væri að útrýma þessum gráu svæðum sem hann minntist á og lítur á þetta sem tækifæri til þess. Samningurinn væri nánast klár en hann veltur því upp hver sé skiptingin á milli sveitarfélagna?

Sigurður Hauksson, tók næstur til máls. Hann nefndi að grundvöllurinn fyrir þessari vinnu sé að þjónustusvæðið væri það stórt að það gæti sinnt málefni. Að það væri fjölpætt og öflug félagsþjónusta, fárhagsgrundvöllur væri styrkur og síðast en ekki síst að allir taki þátt. Þetta væru mjög mikilvægir þættir sem hafa verði í huga, svo öll sveitarfélög taki þátt með tilliti til aukinna útsvara. Hann hafði trú á að hvert og eitt sveitarfélag væri að nýta alla sína kosti og að það væri vilji fyrir góðu samstarfi.

Gísli Ólafsson spurði hvort að þeir á Snæfellsnesi gætu þá ekki boðið uppá sömu þjónustu og áður. Ef svo væri hvernig mætum við því með tilliti til fjölbættrar þjónustu?

Sigurður Hauksson, taldi að þar sem uppbygging hefði verið mismikil í sveitarfélögunum, vildi hann meina að með yfirfærslunni myndi það breytast. Þar af leiðandi muni þjónusta frekar aukast á Snæfellsnesi eða hefði að minnsta kosti möguleika á því. Sérstaklega vegna þess að einstaklingar geta valið sér búsetu sjálfir. Sigurður tók nokkur dæmi, m.a. Hornafjörð. Hann taldi að sveitarfélögin hefðu meiri möguleika en ríki til að bæta þjónustu fyrir fatlaða.

Guðmundur Steingrímsson sagðist vera mjög ánægður með fundin og bakkaði fyrir að fá að sitja hann. Í sambandi við málefni fatlaðra þá taldi Guðmundur að það myndi ganga vel að koma þessu stóra mái í gegn á þinginu og yrði tilbúið í tæka tíð. Hann taldi einnig mikilvægt að fatlaðir hefðu möguleika á því að ákveða hvernig þeir hagi lífi sínu til. Meðal annars varðandi búsetu, þjónustu og fleira. Hann vill því leggja áherslu á að þjónustan við fatlaðra verði fjölbreytt við þessa yfirfærslu og um leið verði þjónustan bætt.

Hlé var gert á fundinum til næsta dags.

Fundur hófst aftur kl. 10 á laugardagsmorgni með erindum um eflingu sveitarstjórnarstigsins. Fundastjóri, Kristín Björg bauð Karl Björnsson, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga velkominn með erindi sitt.

EFLING SVEITARSTJÓRNARSTIGSINS

KARL BJÖRNSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI SAMBANDS ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson fjallaði um eflingu sveitarstjórnarstigsins. **Sjá sér skjal með glærum.**

Fundastjóri þakkaði Karli fyrir erindið og bauð Pál Brynjarsson, formann SSV velkominn.

PÁLL BRYNJARSSON, FORMAÐUR SSV – EFLING SVEITARSTJÓRNARSTIGSINS

Páll Brynjarsson, fjallaði um eflingu sveitarstjórnarstigsins. **Sjá sér skjal með glærum.**

Fundastjóri þakkaði Páli fyrir erindið og bauð Trausta Fannar Valsson velkominn.

TRAUSTI FANNAR VALSSON – ENDURSKOÐUN SVEITARSTJÓRNARLAGA

Trausti Fannar Valsson fjallaði um endurskoðun sveitarstjórnarlaganna. **Sjá sér skjal með glærum.**

Fundastjóri þakkaði Trausta fyrir erindið og bauð Björg Ágústsdóttur, verkefnisstjóra hjá Alta velkomna.

BJÖRG ÁGÚSTSDÓTTIR, VERKEFNISSTJÓRI HJÁ ALTA ENDURSKOÐUN REGLNA UM JÖFNUNARSJÓÐ

Björg Ágústsdóttir fjallaði um endurskoðun reglna um jöfnunarsjóð. **Sjá sér skjal með glærum.**

Fundastjóri þakkaði Björg fyrir og að því loknu fóru fram pallborðsumræður með þátttöku Hermanns, Karls, Páls, Trausta og Bjargar.

PALLBORÐSUMRÆÐUR

Hermann Sæmundsson ræddi mikilvægi eflingu sveitarsjónarstigsins og endurskoðunar jöfnunarsjóðs. Hermann fagnaði þeirri vinnu sem fram hefur farið á Vesturlandi og vitnaði sérstaklega í erindi Páls Brynjarssonar. Hann bætti því við að drög um endurskoðun reglna Jöfnunarsjóðs verða lögð fyrir sveitarstjórnarmenn áður en þau verði lögð inn til Alþingis til umfjöllunar og samþykktar.

Guðmundur Páll þakkaði fyrir þau erindi sem fram höfðu komið á aðalfundinum. Hann velti fyrir sér á hvaða grunni þessi útreikningur byggi, þar sem tekjuskatturinn skiptist á milli ríkis og sveitarfélaga. Íbúar á höfuðborgarsvæðinu hafa greitt meirihluta í þennan sjóð, en eru forsendur fyrir því að tekjuskattur þeirra renni í önnur sveitarfélög? Sveitarfélög eru að fá fleiri verkefni frá ríki, honum finnst spurningin „hvort það sem ekki á að geta gerst, geti gerst?“

Karl Björnsson svaraði því að innan Sambands íslenskara sveitarfélaga sé tekjustofnanefnd sem skoði þessa hluti og það sé ekki grundvöllur til að auka útgjöld sveitarfélaga. Hann telur mikilvægt að sveitarfélög hafi breiðan tekjustofn.

Trausti Fannar Valsson tók til mál. Taldi mjög góðar ábendingar komnar fram. Hann taldi jöfnunarþörfina ekki minnka þrátt fyrir flutning fleiri verkefni til sveitarfélaganna. Það þurfi að hafa í huga aðalatriðin í stjórnsýslunni, það er að segja í rekstri, áður en farið sé út í stærri verkefni. Fjármálareglur þurfa að koma sem fyrst, til þess að sveitarfélög og ríki nái að halda utan um þetta. Með öðrum orðum það þarf að forgangsraða rétt.

Gísli Ólafsson tók til mál og vildi koma því á framfæri að hann væri ósáttur með að þegar nýr ráðherra taki við embætti þá breytist forsendur. Til dæmis varðandi sameiningu sveitarfélagna. Hann spurði hvort verið væri að horfa á vitlaust á heildarmyndina? Hvað sé það sem sveitarfélögini geti ekki gert? Gísli taldi að sveitarfélög gætu tekið að sér mun fleiri verkefni. Hafa þurfi í huga að lítil sveitarfélög út á landi séu svo lítil eining að eitt lítið verkefni sé því ofviða. Þar af leiðandi megi ekki koma í veg fyrir sameiningu sveitarfélaga.

Sigurborg Kr. Hannesdóttir taldi að samvinna sveitarfélaga sé nauðsynleg. Hún telur sveitarstjórnarmenn þurfa að sækja fram og snúa bökum saman þó svo að ekki sé farið í stórar sameiningar.

Páll Brynjarsson taldi að íbúar í Borgarbyggðar væru orðnir fullsaddir á að vera alltaf að kjósa um sameiningar en þeir hefðu gengið í gegnum þrjár sameiningar. Það væri mjög erfitt að vera með góðar og jákvæðar stefnuyfirlýsingar eins og staðan væri í dags þar sem niðurskurður væri svo mikill. Þar af leiðandi þyrfti að velta fyrir sér öðrum leiðum. Það þyrfti að velta mörgum hlutum fyrir sér eins og t.d. hvort sveitarfélögini væru að taka að sér verkefni sem ríkið treysti sér ekki til að framkvæma vegna þeirra fjárhagslegu erfiðleika. Hann spurði því hvort sveitarfélögini væru betur í stakk búin til að taka að sér þessi verkefni?

Karl Björnsson taldi vanta betri fjármálareglur fyrir ríki og sveitarfélög. Hann taldi mjög slæmt að þegar skipt væri um ráðherra þá kæmi allt önnur stefna. Hann taldi þetta vera óeðlilegt gangvart lýðræðinu, og spurði því hvort þetta væri ráðherraeinræði eða lýðræði?

Hermann Sæmundsson tók til mál og sagði að markmiðið væri að sveitarsjóðir yrðu sjálfbærir sem myndi koma með langtíma áætlunum og fjármálareglum. Hermann var sammála því sem Guðmundur Páll minntist á og að þetta væru góðar hugleiðingar sem vissulega þyrfti að taka tillit til.

Breyttar áherslur í sameiningarmálum komi til með að breyta skjali um sameiningu sveitarfélaga sem enn væri í vinnslu. Hermann talaði einnig um að það lægi fyrir yfirlýsing samgönguráðherra og formanns sambandsins um sameiningar sveitarfélaga frá 29. september 2009 sem enn væri í gildi en sú vinna yrði kynnt á næsta landsþingi.

Trausti Fannar Valsson vildi taka það fram að hann kæmi sem utanaðkomandi aðili og umtal hans í pallborðsumræðum lýsi hans skoðunum en ekki ráðuneytisins né sveitarfélaganna. Hann telur það vera lykilatriði að efla sveitarfélögin, en hins vegar ætti eftir að koma í ljós hvaða leiðir yrðu farnar.

Hrefna Jónsdóttir beindi þeiri spurningu að Trausta Fannari hvor ekki mætti efla landshlutasamtökin meira svo þau geti verið áhrifameiri fyrir sveitarfélögin. Til dæmis að þau verði lögaðili? Hrefna spurði líka Björgu varðandi skólaaksturinn, hvaða breytingar yrðu þar á eftir endurskoðun á jöfnunarsjóði?

Björg Ágústdóttir svaraði því til að í tillögu 1 ætti að breyta greiðslu til sveitarfélaga úr jöfnunarsjóði vegna skólaaksturs, þar sem sum sveitarfélög séu að fá meira en þörf er á en önnur minna. Tillaga 2 væri með svipaðar áætlanir en gengi lengra. Björg er sammála Guðmundi Páli og delir með honum þeim áhyggjum. En að öðru leiti yrði að stokka upp og skipuleggja betur. Þar þyrti að fá sveitarfélögin til að taka þátt í skipulagi. Ósk jöfnunarsjóðsverkefnisins væri að styrkja hvatann að því að ríki og sveitarfélög myndu vinna saman að því að koma með ábyrgum hætti að verkefnum sveitarfélaganna.

Jónína Arnardóttir spurði Trausta Fannar hvort að við endurskoðun á sveitarstjórnunararlögum, væru hugmyndir um millistjórnsýslustig, sem tæki t.d. yfir allt Vesturland. Það myndi koma í stað sameiningar sveitarfélagana á Vesturlandi, sér í lagi þar sem hún sæi ekki fyrir sameiningu allra sveitarfélaga á Vesturlandi. Jónína kom einnig inná hvort ekki væri verið að endurskoða tekjustofna sveitarfélaga. Til að mynda hvort það væru hugmyndir um að sveitarfélögin fengju aðgang að fjármagnstekjkuskatti?

Sveinn Pálsson tók undir spurningu Jónínu varðandi millistjórnsýslustig. Landshlutasamtökin gætu séð um millistjórnsýslustigið og þannig létt af sveitarfélögum verkefnum, eins og til að mynda skipulagsmálum.

Trausti Fannar svaraði því að ekki væru uppi hugmyndir um millistjórnnunarstig. Frekar ætti að sameina sveitarfélögin til að sinna þessum heildar skipulagsverkefnum. Ekki væri heldur áfórmáð að landshlutasamtökin fái annað hlutverk en þau hafa í dag. Sveitarfélögin geti hins vegar stofnað svæðabundin samtök fyrir ákveðna hagsmuni en sveitarfélagið yrði alltaf fyrirsvari þessara hagsmuna. Trausti sagði Finna fyrst og fremst hafa byggt á byggðarsamningum, Þar væru ákveðin lög sem fjölluðu annars vegar um svæðisbundið stjórnvald ríkis og hins vegar svæðisbundið stjórnvald sveitarfélaga.

Karl Björnsson sagði fjármagnstekjkuskattinn ekki hafa verið ofarlega á listanum. Tillögur hafa frekar miðað að því að breikka og styrkja. T.d. hækkan útsvartekna eða heimildir til hækknar. En ekki sé stefnt að því að sveitarfélög fái hlutfall af eldsneytis- eða auðlegðarskatti. Karl taldi sveitarfélög ættu að vera undanþegin virðisaukaskatti en leggja frekar fasteigaskatt á öll mannvirki.

Hermann Sæmundsson, talaði um hvernig mögulega væri hægt að styrkja og breikka sveitarfélög án þess að það bitni á ríki, þar er flækjustigið væri töluvert. Fjármagnstekjkuskatturinn hafi verið misskipt eftir því hvar hann verður til, en hann hækki úthlutun úr jöfnunarsjóði.

Að loknum pallborði var gert hádegishlé og að því loknu voru ályktanir bornar til atkvæða.

AFGREIÐSLA ÁLYKTANA

Ályktanir aðalfundar SSV haldinn í Félagsheimilinu Klifi í Snæfellsbæ 10. og 11. september 2010

SAMGÖNGUNEFND

Davíð Pétursson fór í gegnum drög að ályktunum nefndarinnar. Ályktanirnar voru samþykktar. (Sjá fylgiskjal 1).

SVEITARSTJÓRNA OG BYGGÐANEFND

Bjarki Þorsteinsson fór í gegnum drög að ályktunum nefndarinnar. Ályktanirnar voru samþykktar með breytingum. (Sjá fylgiskjal 1).

FJÁRHAGSNEFND

Páll Brynjarsson fór í gegnum drög að ályktunum nefndarinnar. Lögð var fram tillaga um breytingar á árgjaldi til SSV. Ályktanirnar voru samþykktar. (Sjá fylgiskjal 1).

KJÖRNEFND

Kristinn Jónasson og Hrefna B. Jónsdóttir skýrðu frá störfum nefndarinnar. Töluverðar breytingar urðu á stjórn SSV og nýr formaður var kosinn Sveinn Kristinsson og tekur hann við af Páli Brynjarssyni. (Sjá fylgiskjal 1).

Fundastjóri gaf fráfarandi formanni stjórnar, Páli Brynjarssyni orðið og fól honum að slíta fundi.

Páll þakkaði fundarstjórunum Páli Ingólfssyni og Kristínu Björg Árnadóttur fyrir og einnig starfsmönnum fundarins. Páll þakkaði jákvæðan og góðan fund.

Sveinn Kristinsson, tilvonandi formaður stjórnar SSV, tók til máls. Hann sagði að það tæki langan tíma að vinna sig upp í embætti líkt og í hans tilfelli en þakkaði Páli Brynjarsyni og stjórn SSV fyrir góð störf. Hann sagðist myndu halda áfram þeim góðum verkum sem þar hafi verið undanfarin ár. Sveinn sagði að hann væri kunnugur svæðinu, búinn að búa víða á Vesturlandi, og hann ætti því að þekkja til vel til mannlífs og staðhátta. Hann væri reyndur sveitastjórnamaður, eða síðan 1994, og vonar að það verði góður liðsauki í nýrri stjórn. Hann segist vera harður í horn að taka en reyni að vera málefnalegur, ætli sér að fylgja eftir því sem hefur verið unnið að og ætli sér að reyna að brydda uppá nýjungum sem hann telur vera nauðsynlegar fyrir sveitarfélögini á Vesturlandi. Það séu stór verkefni framundan m.a. verkefni um málefna fatlaðra þar sem hann telur sig þekkja ágætlega til. Hann væntir góðar samvinnu við nýja stjórn og starfsmenn SSV. Að lokum þakkað Sveinn fyrir góðan fund, þakkaði fyrir fundaseturnar og óskaði fundarmönnum góðrar heimferðar.

Fundi slitið.

FYLGISKJAL 1 - ÁLYKTANIR AÐALFUNDAR SSV ÁRIÐ 2010

Ályktanir aðalfundar SSV 2010

AÐALFUNDUR HALDINN Í KLIFI, SNÆFELLSBÆ

10. OG 11. SEPTEMBER 2010

Ályktanir aðalfundar SSV

Aðalfundur haldinn í Félagsheimilinu Klifi í Snæfellsbæ
10. og 11. september 2010

SVEITARSTJÓRNA- OG BYGGÐANEFND

MÁLEFNI SVEITARFÉLAGA.

Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, haldinn í félagsheimilinu Klifi í Snæfellsbæ 10. og 11. september 2010, leggur áherslu á góð samskipti ríkis og sveitarfélaga. Mikilvægt er að tekjustofnar sveitarfélaga verði styrktir þannig að sveitarfélög geti sinnt lögbundnum skyldum sínum gagnvart íbúum. Nýjum verkefnum verða að fylgja viðunandi tekjustofnar.

Allt of mikill tími og orka fer í samskipti og viðræður á milli ríkis og sveitarfélaga ár hvert þegar kemur að fjárlagagerð. Skýra þarf leikreglur í samskiptum þannig að skilvirkni og gegnsæi verði meira.

REKSTUR SVEITARFÉLAGA

Aðalfundur SSV fagnar aðkomu Sambands íslenskra sveitarfélaga að mörgum mikilvægum verkefnum f.h. sveitarfélaganna í landinu. Mikilvægt er að stjórn sambandsins ræki hlutverk sitt af festu varðandi samræmdar aðgerðir sveitarfélaga í samskiptum við ríkisvaldið.

Aðalfundur SSV leggur áherslu á að ríkisstjórn standi við gefin fyrirheit og endurgreiði sveitarfélögum þá hækkan á tryggingagjaldi sem orðið hefur. Jafnframt renni aukaframlag áfram til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga en mikilvægt er að sjóðurinn geti stutt við sveitarfélög sem hafa orðið fyrir áföllum í rekstri sínum.

Auðlindagjald er gjaldtaka sem að mestu verður til á landsbyggðinni, því telur aðalfundur SSV eðlilegt og sanngjarnit að sveitarfélög fái hlutdeild í þeirri skattheimtu.

FLUTNINGUR MÁLAFLOKKA

Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, haldinn í Snæfellsbæ 10. og 11. september, fagnar því að samkomulag skuli liggja fyrir um flutning málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Sveitarfélögum á Vesturlandi hafa bæði vilja og getu til þess að taka yfir verkefni sem þessi, svo fremi sem nægt fjármagn fylgir. Samstaða sveitarfélaga á Vesturlandi skiptir miklu máli við þessa yfirtöku og fagnar

aðalfundur SSV þeim drögum sem kynnt hafa verið fyrir fundinum varðandi tilhögun þess samstarfs.

MENNTAMÁL

A Vesturlandi eru öflugar menntastofnanir sem miklu skipta í uppbyggingu svæðisins. Nauðsynlegt er að þær stofnanir hafi nægt fjármagn til rekstrar, til að viðhalda því öfluga starfi sem þar fer fram. Háskólar, háskólastetur, framhaldsskólar, símenntunarmiðstöð og aðrar menntastofnanir eru dýrmætar og stór hluti af stoðkerfi Vesturlands. Íbúar svæðisins hafa sýnt stuðning sinn í verki við þessar stofnanir.

Mikilvægt er að mennta- og háskólastofnanir auki mögulegt samstarf sín á milli, samféluginu á Vesturlandi til góða. Rekstrargrundvöll verknámsbrauta á Vesturlandi ber að tryggja og vernda.

Tryggt verði að jöfnunarstyrkur til framhaldsskólanema verði greiddur áfram.

Regluverk Jöfnunarsjóðs hvað varðar skólaakstur er í endurskoðun, en miklu máli skiptir að tekið verði tillit til fjarlægða innan einstakra sveitarfélaga og að horft verði til allra skólastiga í endurskoðun þessari. Mikilvægt er að litið verði til ólíkra samfélagsgerða sveitarfélaga, sérstaklega m.t.t. aksturs úr þéttbýli í dreifbýli en regluverk jöfnunarsjóðs hefur ekki tekið tillit til þess möguleika.

ATVINNU- OG BYGGÐAMÁL

Aðalfundur samtaka sveitarfélaga, haldinn í félagsheimilinu Klifi í Snæfellsbæ 10. og 11. september 2010, lýsir áhyggjum yfir rekstrarumhverfi fyrirtækja og stöðu atvinnulífs á Vesturlandi. Leggja þarf áherslu á eftirfarandi:

- Tryggja þarf fyrirtækjum, sveitarfélögum, stofnunum og heimilum í landinu bætt rekstrarskilyrði. Mikilvægt er að skapa sem mestan stöðugleika í rekstrarumhverfi atvinnulífs. Sjávarútvegur, landbúnaður, ferðaþjónusta og menntastofnanir eru allt afar mikilvægar atvinnugreinar á starfssvæði SSV og stöðugleiki í þeirra rekstrarumhverfi skiptir miklu máli. Aðalfundur SSV leggur áherslu á að hagsmunir sjávarútvegs og landbúnaðar verði tryggðir í komandi aðildarviðræðum við Evrópusambandið.
- Tryggja þarf fjármagn til áframhaldandi reksturs Markaðsstofu Vesturlands. Samræmingarhugmyndir forsvarsmana Markaðsstofunnar hvað varðar kynningarmál fyrir Vesturland í heild sinni eru allrar athygli verðar. Aðalfundur samþykkir að fela stjórn SSV að standa fyrir vinnufundi hagsmunaaðila á Vesturlandi þar sem rætt verður um sameiginleg markmið og línum mótaðar um kynningu og markaðssetningu Vesturlands.
- Tryggja þarf fjármagn til atvinnuþróunarfélaganna þannig að stoðkerfi atvinnulífsins veikist ekki frekar en orðið er. Vakin er athygli á því að samningar við Byggðastofnun renna út um áramót og mikilvægt í ljósi góðrar reynslu að framhald verði á samstarfi ríkis og sveitarfélaga um rekstur á

þessari starfsemi á sama grundvelli og hingað til. Aðalfundur SSV leggur mikla áherslu á að forræði atvinnuþróunarfélaga verði í höndum heimamanna og öllum hugleiðingum um miðstýringu þeirrar starfsemi verði ytt út af borðinu.

- Tryggja þarf aðgengi fyrirtækja á landsbyggðinni að fjármagni á samkeppnishæfum kjörum, þ.a.m. með eflingu lánasviðs Byggðastofnunar eða sambærilegrar lánastofnunar á vegum hins opinbera.
- Alvarlegur skortur á læknum á Vesturlandi er mikið áhyggjuefni. Aðalfundur SSV skorar á heilbrigðisyfirvöld að endurskoða starfsumhverfi lækna á landsbyggðinni með það að leiðarljósi að gera það eftirsóknarvert fyrir lækna að setjast að og starfa á Íslandi. Það er í raun bæði byggðamál og öryggismál að fundin verði lausn til frambúðar varðandi læknaskort á Vesturlandi.
- Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er einn mesti vaxtabroddur í atvinnulífi og ferðaþjónustu á Vesturlandi. Aðalfundur SSV skorar á umhverfisráðherra að gera Þjóðgarðinn Snæfellsjökul á Snæfellsnesi að sjálfseignarstofnun, með áherslu á aukna aðkomu heimaaðila að stjórnum þjóðgarðsins.
- Aðalfundur SSV samþykkir áskorun til ríkisstjórnar Íslands um að horft verði til landsbyggðarinna og atvinnuumhverfis þar varðandi tilflutning verkefna hins opinbera. Of oft er landsbyggðin „fórnarlamb“ við flutning verkefna í hagræðingaraðgerðum ríkisvaldsins.

SAMGÖNGUR, SAMFÉLAGSGERÐ OG NÚTÍMAVÆÐING SKATTKERFIS

Vinnusóknarsvæði hafa stækkað á síðustu árum. Um það er fjallað sérstaklega í drögum að byggðaáætlun og fá vinnusóknarsvæði og þjónustusókn talsverða umfjöllun í sóknaráætlun.

Vinnusóknarsvæði íbúa á Vesturlandi hafa farið stækkandi og fólk með búsetu í dreifbýli hefur í vaxandi mæli sótt vinna um langan veg. Jafnframt hefur sú ánægjulega þróun átt sér stað að þéttbýlisbúar eiga sína dvalarstaði í dreifbýlinu en almennt mynda þeir ekki sömu kjölfestu í samfélögum og íbúar með fasta búsetu.

Aðalfundur SSV, haldinn í félagsheimilinu Klifi í Snæfellsbæ 10. og 11. september 2010, skorar á stjórnvöld að nútímaþæða skattkerfið hvað ferðakostnað varðar og laga það að breyttum aðstæðum. Íbúar sem ferðast um langan veg til sinna starfa fái notið skattaafsláttar en dæmi eru um fyrirmynndir víða hjá nágrannapjóðum okkar.

RAFORKUVERÐ OG VEITUMÁL

Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, haldinn í félagsheimilinu Klifi í Snæfellsbæ 10. og 11. september 2010, skorar á iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra að bregðast við þeirri gríðarlegu hækjun sem orðið hefur á rafmagni á síðustu árum og beita sér fyrir auknum jöfnuði raforkuverðs. Við þessu mætti bregðast, m.a. með hækjun á niðurgreiðslum til þeirra sem nota raforku til

húshitunar, jafnframt þarf að huga að því hvernig koma megi til móts við sveitarfélög/samfélög á köldum svæðum.

Aðalfundur SSV skorar á stjórnvöld að leiðréttu niðurgreiðslur í samræmi við verðlagsþróun en sá ójöfnuður sem ríkir er ólíðandi.

Tryggja þarf lagningu þriggja fasa rafmagns á landinu öllu án þess að óeðlilegur kostnaður lendi á sveitarfélögum eða einstaklingum við framkvæmdina.

Tryggja þarf afhendingaröryggi rafmagns enn frekar en nú er.

FRAMHALD VINNU VEGNA SAMEININGAR SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI

Aðalfundur SSV, haldinn í félagsheimilinu Klifi í Snæfellsbæ 10. – 11. september 2010, samþykkir á grundvelli niðurstöðu skýrslunnar „Sameining Vesturlands í eitt sveitarfélag“ að vinnu verði haldið áfram við greiningu á þeim valkostum sem til staðar eru um hagkvæmustu leiðir í sameiningu sveitarfélaga á Vesturlandi.

Stjórn SSV verði falið að láta vinna þessa vinnu og leita eftir fjármögnun verkefnisins.

UMHVERFISVOTTUN VESTURLANDS

Aðalfundur SSV, haldinn í félagsheimilinu Klifi í Snæfellsbæ þann 10. og 11. september 2010, samþykkir að beina því til stjórnar SSV að kanna hvort grundvöllur sé fyrir því að sveitarfélög á Vesturlandi hefji undirbúning að umhverfisvottun Vesturlands. Umhverfisvottun Vesturlands stuðlar að bættri ímynd landshlutans og styður við eflingu atvinnulífs á svæðinu, ekki síst ferðapjónustu. Umhverfisvottun stuðlar enn fremur að aukinni umhverfisvitund íbúa og starfsfólks sveitarfélaga. Hluti svæðisins, þ.e. fimm sveitarfélög á Snæfellsnesi, hefur nú þegar hlotið umhverfisvottun frá Earth Check og því er til staðar á svæðinu þekking og reynsla við vottunarferli.

SAMGÖNGUMÁL

Aðalfundur SSV, haldin í félagsheimilinu Klifi í Snæfellsbæ 10.-11. september 2010, leggur fram eftirfarandi ályktanir um samgöngumál:

Aðalfundur SSV leggur ríka áherslu á að þau verkefni sem komin eru inn á skammtíma og langtíma vegaáætlun verði þau verkefni sem sett verði í forgang þegar vegaáætlun verður endurskoðuð. Brynt er að ljúka þeim verkefnum áður en farið verður í önnur, sbr. lög um samgönguáætlun nr. 33/2008.

Tillaga til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2009-2012 liggur fyrir Alþingi.

Aðalfundur SSV leggur áherslu á að m.t.t. samgönguáætlunar komi eftirfarandi upplýsingar fram:

VEGAÁÆTLUN

Á bls. 27 í tillögu til þingsályktunar koma fram heildarfjármunir til NV kjördæmis á tímabilinu 2009 – 2012. Á yfirstandandi ári eru áætlaðar 3.082 milljónir kr. til vegaframkvæmda. Þar af fara 2.113 milljónir kr., eða tæp 70%, til Óshlíðarganga. Þessi framkvæmd var sett á sem neyðarframkvæmd á sínum tíma og telur aðalfundur SSV það ósættanlegt að framkvæmd við Óshlíðargöng skerði framlög til brýnna vegaframkvæmda á Vesturlandi.

SANNGJÖRN SKIPTING FJÁRMUNA

Á bls. 19 í tillögu til þingsályktunar, n.t.t. í lið 4.1.6, „stofnkostnaður, til stofn- og tengivegakerfis, og annar stofnkostnaður en til stofn- og tengivega“. Í heildina er verið að tala um 84 millj. kr. á tímabilinu 2009 - 2012 en að hluta til er um að ræða óskipt fjármagn. Aðalfundur SSV ítrekar að þessu fjármagni skuli skipt með sanngjörnum hætti m.t.t. vegalengda í kjördæmum.

TENGIVEGIR – DREIFBYL SVÆÐI – VEGAKERFIÐ

Um NV kjördæmi liggja um 39% af heildarvegakerfi landsins. Til samanburðar má nefna að um Suðurland liggja um 28% vega landsins.

Heildarvegakerfi NV kjördæmis eru rúmir 5000 km. Þar af eru tengivegir 1300 km og af þeim liggja um 500 km um Vesturland. Svipaða sögu er að segja um héraðsvegi. Svæðið er dreifbýlt og mikil þörf er á því að endurgera veki og auka við slitlag á tengi- og héraðsvegum. Það er mat forsvarsaðila Vegagerðarinnar á Vesturlandi að landshlutinn hafi orðið á eftir hliðstæðum svæðum hvað slitlagsvæðingu varðar.

FJÁRMAGN TIL VIÐHALDSVERKEFNA

Fjármagn til viðhaldsverkefna í vegagerð er óviðunandi. Það vegakerfi sem hefur verið byggt upp á síðustu árum þarfast viðhalds og eru fjármunir til viðhaldsverkefna engan veginn í samræmi við þörfina.

Aðalfundur SSV bendir á að smærri verkefni geta skilað meiru til byggðanna og er það mikilvægt eins og árar í þjóðfélaginu.

VIÐHALD, VETRARÞJÓNUSTA OG UMFERÐARÖRYGGI

Á niðurskurðartímum sem þessum er mikið atriði að huga að verkefnum sem tengjast vetrarþjónustu. Aðalfundur SSV áréttar það við stjórnvöld að viðhald á vegakerfinu og vetrarþjónusta verði ásættanleg og komi ekki niður á öryggi vegfarenda.

REIÐVEGIR

Mikilvægt er að byggja upp og lagfæra reiðvegi á Vesturlandi, enda skipa þeir miklu máli varðandi ferðaþjónustu og búsetugæði á svæðinu.

VEGGIRÐINGAR

Mikilvægt er að vegagerðin girði búfjárheldar girðingar meðfram vegum landsins vegna öryggis vegfaranda.

BREIÐAFJARÐAFERJAN BALDUR

Á undanförnum árum hefur stuðningur við rekstur Breiðafjarðarferjunar Baldurs minnkað. Mikilvægt er með tilliti til ástands vega, aukningar á ferðaþjónustu á svæðinu og reksturs skólaútibús Fjölbautarskóla Snæfellinga á Patreksfirði að tryggja áframhaldandi rekstur ferjunnar allt árið.

FLUGMÁLAÁÆTLUN

Hvað flugvallarmál á Vesturlandi varðar þá telur samgöngunefnd SSV ástæðu til að vekja athygli á því hversu mikilvægir Borgarfjarðarflugvellirnir eru m.t.t. þjálfunar á ungum flugmönnum.

Mikilvægt er að flugvellir á Snæfellsnesi varðveitist og séu nothæfir, m.t.t. öryggismála fyrir flugsamgöngur og ferðaþjónustu.

FRAMTÍÐARVEGSTÆÐI UM HVALFJARÐARSVEIT

Aðalfundur SSV skorar á ríkisvaldið að veita fjármagni svo hægt verði að hefja vinnu við alhliða athugun á vegstæði fyrir framan Grunnafjörð. Óvissa um vegstæðið fyrir framan Grunnafjörð gerir það að verkum að ekki er hægt að sjá fyrir framtíðarvegstæði þjóðvegar nr. 1 um Hvalfjarðarsveit. Nauðsynlegt er að fá niðurstöðu út frá mati á umhverfisáhrifum hvaða leið er fær til lagningar vegar fyrir framan Grunnafjörð á grundvelli niðurstöðu skýrslu Vegagerðarinnar frá júní 2009.

NÝTA TÍMANN TIL STEFNUMÓTUNARVINNU!

Aðalfundur SSV skorar á ríkisvaldið og Vegagerðina að nota þennan tíma sem einkennist af verkefnaskorti í vinnu við stefnumótun. Vitað er um verkefni sem munu koma til framkvæmda innan fárra ára. Verkefni sem eru jafnvel þannig vaxin að ekki er vitað nákvæmlega um framtíðarvegstæði og einnig tillögur um flutning vegstæða þar sem það á við. Í mörgum tilfellum þarf að vinna mikla undirbúningsvinnu til þess að ferli framkvæmda geti hafist. Aðalfundur SSV ítrekar það við Vegagerðina að nýta þennan tíma vel í hin ýmsu verkefni sem krefjast faglegs undirbúnings.

FJARSKIPTAMÁL

Aðalfundur SSV gerir kröfu um að allir íbúar landsins sitji við sama borð varðandi aðgengi að háhraðaneti, svo sem xDSL, 3G eða sambærilegum tengingum. Hraða þarf uppyggingu umfram það sem kemur fram í fjarskiptaáætlun. Á sumum svæðum þarf að endurskilgreina markaðssvæði fjarskiptafyrirtækja.

ÖRYGGISMÁL

Aðalfundur SSV ályktar að vegna öryggismála verði eldsneytisflutningar einungis heimilaðir um Hvalfjarðargöng utan dagtíma.

FJÁRHAGSNEFND

Nefndin lagði til að ársreikningar yrðu samþykktir og einnig tillaga um hækjun á árgjaldi til SSV. Nefndin leggur til að fjárhagsáætlun verði samþykkt. Ársreikningur og fjárhagsáætlun voru samþykkt.

STJÓRN OG NEFNDIR SSV

STJÓRN SSV

AÐALMENN

Björn Bjarki Þorsteinsson
Gunnar Sigurðsson
Hallfreður Vilhjálmsson
Kristjana Hermannsdóttir
Sigríður Bjarnadóttir
Sigurborg Kr. Hannesdóttir
Sveinn Kristinsson

FORMAÐUR STJÓRNAR: SVEINN KRISTINSSON.

VARAMENN

Ragnar Frank Kristjánsson
Einar Brandsson
Halla Steinólfssdóttir
Rögnvaldur Ólafsson
Jóhannes Stefánsson
Lárus Á. Hannesson
Einar Benediktsson

SKOÐUNARMENN

AÐALMENN

Eiríkur Ólafsson
Laufey Jóhannsdóttir

VARAMENN

Jón Pálmi Pálsson
Davíð Pétursson

SAMGÖNGUNEFND

AÐALMENN

Davíð Pétursson
Finnbogi Leifsson
Guðmundur Vésteinsson
Þórður Þórðarson
Kristinn Jónasson
Berglind Axelsdóttir
Ingveldur Guðmundsdóttir

VARAMENN

Gretar D. Pálsson
Jóhannes Stefánsson
Guðmundur Páll Jónsson
Einar Brandsson
Kristján Þórðarson
Þórður Á. Magnússon
Ása Helgadóttir

FULLTRÚI SSV Í STJÓRN FERÐAMÁLASAMTAKA VESTURLANDS

AÐALMENN

Arnheiður Hjörleifsdóttir

VARAMENN

Hrefna B. Jónsdóttir

MARKAÐSSTOFA VESTURLANDS

AÐALMENN

Ólafur Sveinsson

VARAMENN

Hrefna B. Jónsdóttir

FULLTRÚI SSV Í SAMVINNUNEFND MIÐHÁLENDIS

AÐALMENN

Snorri Jóhannesson

VARAMENN

Hrefna B. Jónsdóttir

FJÖLIÐJAN

AÐALMENN

Guðrún Fjeldsted

VARAMENN

Magnús Guðmundsson

FYLGISKJAL 2 - ÁRSREIKNINGUR SSV ÁRIÐ 2009

Samtök sveitarfélaga
á Vesturlandi
Ársreikningur 2009

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi
Bjarnarbraut 8
310 Borgarnes
Kt. 610673-0239

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstremisfirlit	7
Skýringar	8

Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Samtökin eru hagsmunasamtök sveitarfélaga á Vesturlandi stofnuð árið 1969. Markmið samtakanna varða atvinnu-, efnahags-, mennta- skipulags-, samgöngu-, og félagsmál. Einnig að stuðla að aukinni samvinnu sveitarfélaga á Vesturlandi og víðtækari þekkingu sveitarstjórnarmanna á verkefnum sveitarstjórn.

Samkvæmt rekstrarreikningi nemur hagnaður samtakanna á árinu 4 þús. kr. Eigið fé samtakanna í árslok 2009 samkvæmt efnahagsreikningi nam 35,5 millj. kr. en vísað er til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðarins og aðrar breytingar á eiginfjárrrekningum.

Aðildarsveitarfélög samtakanna eru tíu en þau eru, Akraneskaupstaður, Borgarbyggð, Dalabyggð, Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Hvalfjarðarsveit, Skorradalshreppur, Snæfellsbær og Stykkishólmsbær.

Stjórn og framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi staðfesta hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2009 með undirritun sinni.

Borgarnesi, 13. apríl 2010

Í stjórn samtakanna:

Páll S Brynjarsson (sign.)
Jenný Lind Egilsdóttir (sign.)
Erla Friðriksdóttir (sign.)
Eyðís Aðalbjörnsdóttir (sign.)
Hrönn Ríkharðsdóttir (sign.)
Kristjana Hermannsdóttir (sign.)
Þorgrímur Guðbjartsson (sign.)

Framkvæmdastjóri:

Hrefna B. Jónsdóttir (sign.)

Áritun óháðs endurskoðanda og kjörinna skoðunarmanna

Til stjórnar og aðila að samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glöggja framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glöggja framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits samtakanna. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu samtakanna á árinu 2009, fjárhagsstöðu þeirra 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við lög um ársreikninga.

Borgarnesi, 13/4 2010

KPMG hf.

Hlynur Sigurðsson (sign.)

Við undirritaðir, félagskjörnir skoðunarmenn Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, höfum yfirfarið ársreikning samtakanna fyrir árið 2009 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Borgarnesi, 31/3 2010

Hallfreður Vilhjálmsson (sign.)

Eiríkur Ólafsson (sign.)

Rekstrarreikningur ársins 2009

	Skýr.	Ársreikningur 2009	Fjárhagsáætlun 2009	Ársreikningur 2008
Rekstrartekjur:	2			
Árgjöld aðildarsveitarfélaga	17	14.762.400	14.549.000	14.163.040
Framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga		16.392.000	18.000.000	17.443.311
Framlag Byggðastofnnar		16.928.822	16.500.000	20.819.455
Styrkir vegna sérverkefna	9	17.058.158	14.600.000	12.600.000
Tekjur atvinnuráðgjafar		8.163.743	6.000.000	4.837.200
Aðrar tekjur		3.260.000	650.000	3.260.000
		<u>76.565.123</u>	<u>70.299.000</u>	<u>73.123.006</u>
Rekstrargjöld:				
Laun og launatengd gjöld	7	39.252.227	39.900.000	32.723.568
Annar rekstrarkostnaður	8	22.320.551	18.500.000	23.514.039
Gjöld vegna sérverkefna	10	13.443.158	8.100.000	16.589.629
Framlög vegna atvinnuþróunar	11	2.500.000	2.500.000	2.500.000
Afskriftir	3,12	1.172.108	1.600.000	1.424.315
		<u>78.688.044</u>	<u>70.600.000</u>	<u>76.751.551</u>
Rekstrartap fyrir fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)		(2.122.921)	(301.000)	(3.628.545)
Vaxtatekjur og arður		2.446.617	1.000.000	3.467.657
Bankakostnaður og fjármagnstekjuskattur		(319.340)	(300.000)	(462.769)
Afskrifað hlutafé í UKV ehf.		0	0	(875.000)
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) samtals		<u>2.127.277</u>	<u>700.000</u>	<u>2.129.888</u>
Hagnaður (tap) ársins	16	<u>4.356</u>	<u>399.000</u>	<u>(1.498.657)</u>

Efnahagsreikningur 31.desember 2009

	Skýr.	2009	2008
Eignir			
Fasteign	12	12.814.863	13.221.684
Bifreiðar.....	12	1.222.133	1.955.285
Húsbúnaður	12	194.705	226.840
Eignarhlutir í félögum	13	2.500.000	2.500.000
Fastafjármunir alls	3,12	<u>16.731.701</u>	<u>17.903.809</u>

Óinnheimtar kröfur.....	4,14	2.632.931	1.244.922
Ýmsar skammtímakröfur.....		2.459.894	2.923.674
Handbært fé.....		23.398.189	21.503.947
Veltufjármunir alls		<u>28.491.014</u>	<u>25.672.543</u>

Eignir samtals 45.222.715 43.576.352

Eigið fé:

Eiginfjárreikningur	16	<u>35.542.822</u>	<u>35.538.466</u>
---------------------------	----	-------------------	-------------------

Skammtímaskuldir:

Ógreiddur kostnaður og aðrar skammtímaskuldir		9.679.893	8.037.886
		<u>9.679.893</u>	<u>8.037.886</u>
Skuldir samtals		<u>9.679.893</u>	<u>8.037.886</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>45.222.715</u>	<u>43.576.352</u>

Sjóðstreymsfirlit árið 2009

	Skýr.	2009	2008
Rekstrarhreyfingar:			
Hagnaður (tap) samkvæmt rekstrarreikningi	16	4.356	(1.498.657)
Rekstrarlíðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir fastafjármuna	3,12	1.172.108	1.424.315
Afskrifað hlutafé í UKV ehf.	0	875.000	
Veltufé frá rekstri	<u>1.176.464</u>	<u>800.658</u>	
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, hækjun	(924.229)	(2.268.129)	
Skammtímaskuldir, hækjun	<u>1.642.007</u>	<u>4.626.603</u>	
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	<u>717.778</u>	<u>2.358.474</u>	
Handbært fé frá rekstri	<u>1.894.242</u>	<u>3.159.132</u>	
Fjárfestingarhreyfingar:			
Keyptur eignarhlutur í Vesturlandsstofu ehf.	0	(2.000.000)	
Fjárfestingarhreyfingar	<u>0</u>	<u>(2.000.000)</u>	
Fjármögnunarhreyfingar:			
Afborganir langtímalána	0	(916.663)	
Fjármögnunarhreyfingar	<u>0</u>	<u>(916.663)</u>	
Hækjun á handbæru fé	1.894.242	242.469	
Handbært fé í ársbyrjun	21.503.947	21.261.478	
Handbært fé í árslok	<u>23.398.189</u>	<u>21.503.947</u>	

Skýringar

Reikningsskilaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaðferðum og á síðastliðnu ári.

2. Innlausn tekna

Árgjald samtakanna er tekjufært á grundvelli samnings sveitarfélaga sem að samtökunum standa og byggir á fastagjaldi og gjaldi miðað við íbúafjölda. Styrkir og framlög eru færð til tekna við álagningu og tekjur af veittri þjónustu eru innleystar eftir því sem þjónustan er innt af hendi og kröfuréttur myndast.

3. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádegnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshlut miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteign	50 ár
Bifreið	5 ár
Húsþúnaður	5 ár

4. Viðskiptakröfur

Skammtímakröfur í árslok 2009 eru færðar niður um 139 þús. kr. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá óinnheimtum kröfum í árslok í efnahagsreikningi.

5. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun samtakanna fyrir árið 2009 er birt í ársreikningnum til samanburðar.

6. Áfallið orlof

Áfallið orlof er reiknað og fært í ársreikninginn og nemur skuldbindingin 3,5 millj. kr. í árslok 2009.

Skýringar, frh.:

Sundurliðanir

7. Laun og launatengd gjöld

	2009	2008
Laun atvinnuráðgjafa	19.929.268	17.851.420
Laun annarra starfsmanna	9.081.088	7.175.634
Laun stjórnar og nefnda	1.986.400	2.069.400
Reiknað áunnið orlof sbr. skýringu 6, breyting	1.114.251	223.589
Mótframlag í lífeyrissjóð	3.989.494	3.237.630
Tryggingagjald	2.409.709	1.817.697
Önnur launatengd gjöld	639.401	364.835
Slysatryggingar	102.616	63.363
Endurgreiddur hlutur sveitarfélaga í launakostnaði	0	(80.000)
	<u>39.252.227</u>	<u>32.723.568</u>

8. Annar rekstrarkostnaður:

Húsnæðiskostnaður:

Rafmagn	83.266	79.541
Vátryggingar	103.906	89.265
Fasteignagjöld	400.245	311.960
Kostnaður við sameign	341.522	366.265
Viðhald húss og búnaðar	24.423	98.203
Hreinlætisvörur	7.161	32.433
Húsnæðiskostnaður alls	<u>960.523</u>	<u>977.667</u>

Skrifstofu og stjórnunarkostnaður:

Bækur, blöð og tímarit	143.377	270.652
Pappír, prentun og ritföng	679.708	327.228
Smáähöld, tæki, skrifstofuvörur og tölvuforrit	1.361.733	1.437.683
Aðkeypt þjónusta	3.348.004	5.107.990
Sími og burðargjöld	896.374	914.092
Auglýsingar	190.217	426.289
Önnur framlög	356.975	463.427
Rekstur eigin bifreiða	1.259.199	1.150.213
Bifreiðastyrkir	3.609.988	3.724.133
Veggjald vegna Hvalfjarðarganga	63.020	78.140
Dagpeningar	2.628.010	2.329.406
Fundir, ráðstefnur og ferðakostnaður	3.127.429	3.631.616
Kaffistofa	393.168	205.556
Viðhald skrifstofuáhalda	5.236	184.401
Evrópuverkefni	0	280.602
Framlög vegna vaxtarsamnings sbr. skýringu 18	3.000.000	3.000.000
Niðurfærsla krafna og tapaðar kröfur	73.053	9.471
Endurgreiddur kostnaður	(124.800)	(1.336.704)
Annar kostnaður	349.337	332.177
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður alls	<u>21.360.028</u>	<u>22.536.372</u>
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>22.320.551</u>	<u>23.514.039</u>

Skýringar, frh.:

9. Styrkir vegna sérverkefna:

	2009	2008
Styrkur frá Byggðastofnun vegna könnunar búsetuskilyrða	0	550.000
Styrkur frá Byggðastofnun vegna verkefnisins Vesturland í Evrópu	750.000	650.000
Styrkur frá Byggðastofnun vegna Hagvísa Vesturlands	1.300.000	800.000
Styrkur frá Byggðastofnun v/Sprotans, frumkvöðla- og tækniseturs	550.000	0
Styrkur frá Byggðastofnun vegna veglína á Vesturlandi	350.000	0
Styrkur frá Byggðastofnun v/úttektar á áhrifum efnahagssamdráttar	1.250.000	0
Styrkur vegna Vaxtarsamnings Vesturlands	<u>12.858.158</u>	<u>10.600.000</u>
	<u>17.058.158</u>	<u>12.600.000</u>

10. Gjöld vegna sérverkefna:

Rekstrargjöld vegna Vaxtarsamnings Vesturlands	12.858.158	14.729.629
Aðrir styrkir	585.000	1.860.000
	<u>13.443.158</u>	<u>16.589.629</u>

11. Framlög vegna atvinnuþróunar:

Rekstrarstyrkur til Upplýsinga- og kynningarmiðst. Vesturlands hf.	2.500.000	2.500.000
	<u>2.500.000</u>	<u>2.500.000</u>

12. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteign	Bifreiðar	Húsbúnaður	Samtals
Heildarverð 1.1. 2009.....	20.341.051	4.886.625	1.053.934	26.281.610
Afskrifað áður	(7.119.367)	(2.931.340)	(827.094)	(10.877.801)
Bókfært verð 1.1.2009.....	13.221.684	1.955.285	226.840	15.403.809
Afskrifað á árinu	(406.821)	(733.152)	(32.135)	(1.172.108)
Bókfært verð 31.12.2009.....	<u>12.814.863</u>	<u>1.222.133</u>	<u>194.705</u>	<u>14.231.701</u>
Heildarverð 31.12.2009.....	20.341.051	4.886.625	1.053.934	26.281.610
Afskrifað samtals 31.12.2009.....	(7.526.188)	(3.664.492)	(859.229)	(12.049.909)
Bókfært verð 31.12.2009.....	<u>12.814.863</u>	<u>1.222.133</u>	<u>194.705</u>	<u>14.231.701</u>
Afskriftahlutföll.....	2%	20%	20%	

Húsnæði samtakanna að Bjarnarbraut 8 í Borgarnesi var tekið í notkun á árinu 1990. Samtökin eiga 13,22% eignarhlut í húsinu. Stærð húsnæðisins er 162 m², ásamt 24 m² í sameign. Fasteignamat húsnæðisins nam í árslok 2009 um 15,4 millj. kr. en brunabótamat um 37,3 millj. kr.

Skýringar, frh.:

13. Áhættufjármunir

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

	Nafnverð	Bókfært verð
Spölur hf.	500.000	500.000
Upplýsinga- og kynningarmiðstöð Vesturlands ehf.	1.275.000	0
Vesturlandsstofa ehf.	2.000.000	2.000.000
Eignarhlutir í félögum í árslok	3.775.000	2.500.000

Hlutfé í Upplýsinga- og kynningarmiðstöð Vesturlands ehf. hefur verið afskrifað, enda hefur verið ákveðið að leggja félagið niður. Stjórn samtakanna hefur samþykkt að leggja til 1,1 millj. kr. vegna frágangs á skuldum félagsins á næsta ári og hefur sú fjárhæð verið lögð fram sem fyrirframgreiðsla.

14. Skammtímakröfur

Niðurfærsla skammtímakrafna greinist þannig:

Niðurfærsla í ársbyrjun	65.522
Niðurfærsla á árinu, hækkan	73.053
Niðurfærsla í árslok	138.575

15. Eignir utan efnahagsreiknings

Í eigu samtakanna eru ýmsir lausafjármunir, sem áður hafa verið gjaldfærðir. Hér er einkum um að ræða húsgögn og skrifstofuáhöld, sem notuð eru við daglegan rekstur.

Eignir þessar eru færðar í sérstaka eignarskrá sem er hluti af bókhaldsgögnum samtakanna.

16. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning:

Eiginfjárreikningur í ársbyrjun	35.538.466
Hagnaður ársins	4.356
Eiginfjárreikningur í árslok	35.542.822

Skýringar, frh.:

17. Önnur atriði

Á árinu 2006 var undirritaður samningur, Vaxtarsamningur Vesturlands 2006 – 2009, á milli iðnaðarráðuneytis, samtakanna, nokkurra sveitarfélaga á Vesturlandi og fyrirtækja þeirra og nokkurra annarra aðila, með það megin markmið að efla Vesturland sem eftirsóttan valkost til búsetu, þannig að árið 2020 verði íbúatala svæðisins orðin um 18.700 manns. Samtökin og iðnaðarráðuneytið hafa gert með sér nýjan vaxtarsamning, sem gildir fyrir árin 2010 til 2013. Hann byggir á sömu markmiðum, en breyttum áherslum í ljósi aðstæðna.

Á fylgiskjali 1 í ársreikningnum eru sundurliðanir á árgjöldum til samtakanna.

Á fylgiskjali 2 er yfirlit um rekstur og stöðu lönþróunarsjóðs á árinu 2009. Þar sem aðildarsveitarfélög SSV eru ekki öll aðilar að lönþróunarsjóðnum, er hann ekki tekinn með í ársreikningi samtakanna.

18. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í stjórn Samstaka sveitarfélaga á Vesturlandi auk æðstu stjórnenda samtakanna eru skilgreindir sem tengdir aðilar samtakanna. Makar bessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn bessara aðila.

Samtökin hafa átt viðskipti við tengda aðila á árinu. Viðskipti samtakanna við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila.

Árgjöld 2009 til

Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi

Fastagjald 300.000 kr. x 7 sveitarfélög

Fastagjald 55.000 kr. x 3 sveitarfélög

Íbúagjald 795 kr. x 15.720 íbúar

	Skýr.	Íbúar	Kr.
Akraneskaupstaður.....	6.630	5.570.850	
Hvalfjarðarsveit	641	809.596	
Skorradalshreppur	53	97.135	
Borgarbyggð	3.747	3.278.863	
Eyja- og Miklaholtshreppur	132	159.940	
Snæfellsbær	1.717	1.665.016	
Grundarfjarðarbær	921	1.032.195	
Helgafellssveit	59	101.905	
Stykkishólmbsbær	1.108	1.180.860	
Dalabyggð	712	866.040	
	15.720	14.762.400	

Rekstraryfirlit ársins 2009

Fjármunatekjur:

Vaxtatekjur	151.629
Fjármagnstekjuskattur og bankakostnaður	(17.328)
Rekstrarniðurstaða ársins	134.301

Efnahagsreikningur 31. desember 2009

Eignir:

Bankainnstæður	1.797.858
Eignir samtals	1.797.858

Eigið fé:

Flutt frá fyrra ári	1.663.557
Rekstrarniðurstaða ársins	134.301
Eigið fé samtals	1.797.858

FYLGISKJAL 3 - FJÁRHAGSÁÆTLUN SSV FYRIR ÁRIÐ 2011

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2011

Í þús.kr.	Raun 2009	Áætlun 2010	Endurskoðuð áætlun 2010	Áætlun 2011
Rekstrartekjur				
Árgjöld sveitarfélaga	14.763	14.600	14.509	15.497
Framlag Jöfnunarsjóðs	16.392	15.000	17.600	17.000
Framlag til atvinnuþróunar	17.129	15.000	19.566	17.800
Tekjur vegna sérverkefna	4.000	3.780	5.742	5.100
Tekjur v/vaxtarsamn. og erlend	12.858	12.400	3.000	5.500
Þjónustusamningar	5.664	8.600	5.664	5.664
Aðrar tekjur	5.759	2.500	1.864	1.500
Samtals tekjur	76.565	71.880	67.945	68.061
Rekstrargjöld				
Laun og tengd gjöld	39.886	40.900	47.857	45.670
Annar rekstrarkostnaður	18.687	20.000	21.720	22.263
Styrkir til sérverkefna	6.085	2.500	2.500	2.500
Gjöld v. Vaxtarsamnings	12.858	10.000	0	0
Afskriftir	1.172	1.400	921	900
Samtals gjöld	78.688	74.800	72.998	71.333
Fjármagnstekjur				
Vaxtatekjur	2127	1000	1400	1000
Rekstrarniðurstafa	4	-1.920	-3.653	-2.272

Lagt er til að:

Sveitarfélög með íbúa færri en 200 greiði fast árgjald kr. 60.000
 Sveitarfélög með íbúa fleiri en 200 greiði fast árgjald kr. 320.000
 Öll sveitarfélög greiði árgjald kr. 850 á íbúa.

Íbúafjöldi á Vesturlandi 1. des 2009 15.385